




**IMAGE EVALUATION
TEST TARGET (MT-3)**



**Photographic
Sciences
Corporation**

23 WEST MAIN STREET
WEBSTER, N.Y. 14580
(716) 872-4503

**CIHM
Microfiche
Series
(Monographs)**

**ICMH
Collection de
microfiches
(monographies)**



Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques

© 1993

Technical and Bibliographic Notes / Notes techniques et bibliographiques

The Institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming, are checked below.

L'Institut a microfilmé le meilleur exemplaire qu'il lui a été possible de se procurer. Les détails de cet exemplaire qui sont peut-être uniques du point de vue bibliographique, qui peuvent modifier une image reproduite, ou qui peuvent exiger une modification dans la méthode normale de filmage sont indiqués ci-dessous.

Coloured covers/
Couverture de couleur

Coloured pages/
Pages de couleur

Covers damaged/
Couverture endommagée

Pages damaged/
Pages endommagées

Covers restored and/or laminated/
Couverture restaurée et/ou pelliculée

Pages restored and/or laminated/
Pages restaurées et/ou pelliculées

Cover title missing/
Le titre de couverture manque

Pages discoloured, stained or foxed/
Pages décolorées, tachetées ou piquées

Coloured maps/
Cartes géographiques en couleur

Pages detached/
Pages détachées

Coloured ink (i.e. other than blue or black)/
Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)

Showthrough/
Transparence

Coloured plates and/or illustrations/
Planches et/ou illustrations en couleur

Quality of print varies/
Qualité inégale de l'impression

Bound with other material/
Relié avec d'autres documents

Continuous pagination/
Pagination continue

Tight binding may cause shadows or distortion along interior margin/
La reliure serrée peut causer de l'ombre ou de la distorsion le long de la marge intérieure

Includes index(es)/
Comprend un (des) index

Title on header taken from: /
Le titre de l'en-tête provient:

Blank leaves added during restoration may appear within the text. Whenever possible, these have been omitted from filming/
Il se peut que certaines pages blanches ajoutées lors d'une restauration apparaissent dans le texte, mais, lorsque cela était possible, ces pages n'ont pas été filmées.

Title page of issue/
Page de titre de la livraison

Caption of issue/
Titre de départ de la livraison

Masthead/
Générique (périodiques) de la livraison

Additional comments: / Text in Icelandic.
Commentaires supplémentaires:

This item is filmed at the reduction ratio checked below/
Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous.

10X	14X	18X	22X	26X	30X
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
12X	16X	20X	24X	28X	32X

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:



University of Manitoba
Winnipeg

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shall contain the symbol \rightarrow (meaning "CONTINUED"), or the symbol ∇ (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:



L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:

University of Manitoba
Winnipeg

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.

Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.

Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole \rightarrow signifie "A SUIVRE", le symbole ∇ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.

u'il
cet
de vue
on
és



32x


I

PI

NAUDSYNLEG
HUGVEKJA.

EPTIR


SJERÁ JÓN BJARNASON,



PRENTUD Í PRENTSMIDJU
PRENTFJELAGS NÝJA-ÍSLANDS.

LUNDI, KEEWATIN, CANADA.

1877.



A trúarsamtalslaudi þeim, sem haldinn var hjer á Gimli í fyrra, kom það fram, að kristindómsstefna sú, sem sjera Páll Þorláksson og norska sýnódan framfylgir, er í mörgum aðalatriðum gagnstæð ekki aðeins því, sem eg kenni, heldur einnig því, sem kennt er um þvert og endilaugt Ísland, hvort sem litid er til prestaskólans, gudsorðabóka þeirra, sem almenningur notar sjer til andlegrar uppbyggingar, ellegar orðs þess, er fram er flutt í þjedikunarstólum laudsins. Alkunnugt er reyðdar, að skoðanir bæði kennilýðsins og leikmanna á Íslandi á hinu kristilegu opinberun eru eigi litid sundurleitar. Eins er líka um bækur þær, sem lagðar eru til grundvallar fyrir trúarlífi Íslendinga og hafðar því til stuðnings, að þær eru af talsvert ólíku bergi brotnar. En hitt er eins vist fyrir því, og sást fullljóst við fyrgreint tækifæri, að ýmislegt í kenning sjera Páls og kirkjufjélags þess, er hann hefir svarist á hönd, er með öllu óþekkt í sögu hinnar evangelisku kristni á Íslandi allt fram á þennan dag. Og að mismunurinn liggur ekki aðeins í einstökum smáatriðum kristindómskenningarinnar, heldur í sjálfum trúargrundvellingum, virðist sjera Páll vera sjer meðvitandi, því sú játning, sem kom fram hjá honum á fundinum, að hann gæti ekki staðid í trúarsamfjélagi við neim af hinum íslensku kennimönnum þessara tíma að því leyti sem trúarjátning þeirra hefir opinberlega komid í ljós, er

Óskiljanleg að öðrum kosti. Sjera Páll amaðist við því hjer í upphafi, að sinir safnaðarlimir hefði sameiginlegan grafreit með fólki í söfnuði þeim, er eg þjóna; á samtalsfundinum neitaði hann því að halda bænagjörð ásamt með mjer af þeirri ástæðu að eg væri villutrúarmaður; eins lýsti hann yfir því undir fundarlokin, að samvíska sln leyfði sjer ekki að skoða mig sem bróður sinn í drottni vorum Jesú Kristi, og sama hugsunarhátt hefir haun eðlilega sett sjer sem mark og mið að skapa hjá þeim Islendingum, sem hann fær til náð. Nú hefi eg ekki í neinu verulegu atriði hingað til haldið fram öðrum kristindómi en þeim, sem kenndur er guðfræðingunum íslensku bæði á prestaskólanum í Reykjavík og háskólanum í Kaupmannahöfn, og sem þessir sömu menn aftur kenna alþýðunni út frá sjer, þegar þeir eru orðnir prestar. Er því auðsætt, að það að vilja ekki hafa sameiginlegan grafreit með minum mönnum, það að geta ekki bæði til drottins ásamt mjer, það að geta ekki — kenningar minnar vegna — skoðað mig sem kristinn bróður, er hið sama sem að vilja ekkert saman við hina íslensku kirkju hafa að selda. Mörgum hjer vor á meðal mun þetta þó óljóst. Þeir menn, sem gengið hafa norsku sýnóðunni á hönd með því að gjörast safnaðarlimir sjera Páls Þorlákssonar, myndu sjer effaust margir. Þrátt fyrir það, sem kom í ljós á trúarsamtalsfundinum, að kristindómur norsku sýnóðunnar sje einn og hinn sami og það, sem þeim var kennt að trúu á Íslandi; og meðal þeirra, sem enn eru engum háðir í kirkjulegu tilliti, munu sumir, sem ekki hafa fengið augu upp fyrir hinum svokölluðu

„kreddum“ norsku sýnóðunnar. Þetta er skiljanlegt, því bæði er það að litlar upplýsingar hafa komið fram um hið einkennilega við trúarkenningar norsku sýnóðunnar frá mótstöðumönnum hennar síðan á hinum umgetna trúarsamtals-tundi, og svo gjörir sjera Páll sjer mjög mikið far um að koma þeirri trú inn hjá mönnum, að með því að halda sjer til norsku sýnóðunnar sje hann einmitt að gróðursetja hjer hina sönnu Íslensku kirkju andspænis nýgjörvings-villudómi þeim, sem eg sje að prjedika. Til styrkingar þessu get eg vel skilið það verði ýmsum miður djúpskyggnum mönnum, að sjera Páll yfir hófuð að tala þræðir mjög nákvænlega form það, er fylgt er almenst á Íslandi við hina útvortis guðspjónustu, þar sem þeir hinsvegar sjá og heyra, að eg sje enganveginn formfastur í þessu tilliti. Fyrir mörgum hjer eins og annarstaðar mun hin útvortis guðspjónusta því miður vera eitt og allt. Þessir hinir sömu menn taka því fljótt eftir, ef einhverjum kirkjusíðum er breytt, og eru manna fljótastir til að hneykslast á því, en af hinu vita þeir ekki heldur en dauða sínum, þó að trúargrundvöllurinn sje skekktur eða jafnvel með öllu rífinn niður. Stefáni, hinu fyrsta blóðvitni kristinnar, var borið það á brún af ofsóknarmönnum sínum, að hann hefði sagt (meðal annars), að Jesús frá Nazaret mundi umbreyta hinum páverandi kirkjusíðum (Postgb. 6.). Þetta var gjört að dauðasök hans. Svo það er ekkert nýtt í heiminum, að fólk, er telur sig til safnaðar drottins, áltur allt í veði, ef losað er um eitthvað, sem smertir hina útvortis guðspjónustu. En eins er hitt líka kunnugt í kristinni

löngu áður en hjer meðal vor Íslendinga í Vesturheimi, að aflaga má og veikja grundvöll trúarinnar af þeim, sem sálusorgin er á hendur falin, án þess almennings finni til þess eða sjái það. Það getur líka vel verið, að það styrki sumá í þeirri myndan að sjera Páll Þorláksson standi í anda nær kirkjunni á Íslandi heldur en eg, að hann hefir forðast, njer liggur við að segja: eins og heitan eldinn, að henda almenningsi á misfellurnar í hinu Íslensku Þjóðkirkju, þar sem eg hvorki opinberlega nje einstaklega hefí úregið neinár dulur á, í hverju trúarlífi Íslendinga á þessari öld helst er ábótavant. Svo hefir sýnóðan norska orðið fyrir því happi, að merkur prestur einn úti á Íslandi hefir tekið málstað hennar og haldið því fram, að mótspyrma sú, er risið hefir upp vor á meðal móti sjera Páli. útsendara þessa kirkjufélags, sje ástæðulaus, ef ekki annað verra. Þetta getur eðlilega orðið til þess að blinda 'augu sumra, því fjölda margir eiga ekki kost á að kynna sjer sjálfir málavexti til hlítar og neyðast því til að halla sjer, að því er samfæring suertir, upp að brjósti annara. Grein sú, er sjera Björn Halldórsson reit til varnar sjera Páli og norsku sýnóðunni, var fjótt sett í kirkjutíðindi sýnóðumanna sem vitnisburður um það, hvernig einhver hinna mest málsmetandi presta á Íslandi liti á trúarágreiningsmál vor. Ekki hefir sá, er sneri vitnisburði þessum á norsku og sendi hann kirkjutíðindunum, nafngreint sig, en í inngangsorðum til greinarinnar getur hann þess, að eftir að höfundurinn (sjera Björn) hafi fengið í hendur „naðsynlegar upplýsingar“ um norsku sýnóðuna, þá

hafi hann samið vörn þessa. Um sama leyti birtist brjef frá sjera Páli Þorláks-yni í sýndu-
 tilíndunum, þar sem hann meðal annars getur
 þess að safnaðarlimir stuir hjer í Nýja Íslandi
 „ligger undir hæðnis-árásum hinna kirkjulegu mót-
 stöðumanna“ þeirra (nfl. fólks í þeim s'fnuðum
 er eg þjóna). Þetta virðist vera tilraun til
 að koma því álitu á meðal fólks, er ekki þekkir
 til, að sjera Páll sje hjer einskonar þslarvottur
 fyrir hina sönnu trú, enda man eg eftir því,
 að meðal gjafa til guðs þakka frá fólki í sýn-
 ódunni, er einhveru tíma í sumar eða vor voru
 auglýstar í kirkjutilíndunum, voru nokkrir doll-
 arar frá konu einni suður í Wisconsin, er gefu-
 ir voru sjera Páli sem vottur um hluttekning
 gefanda í því b'li, er hann yrði hjer að líða.
 Í brjefi því frá sjera Páli til kirkjutilíndanna,
 er eg þegar hefi nefut, tekur hann líka fram,
 að þeir meðal Íslendinga í Lyon County, Minne-
 sota, sem ekki fengust til að samþykkja safnað-
 arlög hans, hafi verið meðhaldsmenn minir, en
 þær ákvarðanir í lögunum, er þessir menn risu
 á móti, hljóduðu — að því er hann sjálfur
 segir — um það að biblían væri guðdómleg og
 að þeir, er lifa í opinberum holdsins verkum, sje
 ekki hafandi í kristnum söfnuði. Að það er tek-
 ið fram að þessir menn hafi líldið með mjer,
 kemur edlilega þeirri ætlun inn hjá þeim, er
 ekki til þekkju, að það sje eitt í kristindóms-
 kenning minni, að biblían sje ekki guðdómleg
 og að einnig þeir, sem lifa í opinberum holds-
 ins verkum, sje hafandi í kristnum söfnuði.

Eg ætla nú að sinni ekki að fara lengra
 út í þessa sálma, en það er annað, sem eg

fna brýna skyldu mína til að benda mönnum á: Bók ein er fyrir skömmu komin út á norski (danskri) tungu, er meira má af læra að því er snertir trúarstefnu norsku sýnóðunnar, en flest ef ekki allt, sem áður hefir komið fyrir almennings sjónir þar að lútandi. Rit þetta er því merkilegra og þýðingarmeira, sem það er samið af guðfræðingi og kennimanni, 'er bæði hefir verið í prests og prófessors stöðu innan norsku sýnóðunnar, og sem því hlýtur að þekkja guðfræði þessa kirkjufjelags ofan í kjölinu. Maður þessi heitir O. Asperheim og hefir sem stendur prests-embætti á hendi í New York í nafni hins norska kristniboðsfjelags (í Norvegi). Hann hefir fengið guðfræðismenntun sína á háskóla Nordmanna í Kristjanlu. Tókst hann fyrir nokkrum árum prestskap á hendur í norsku sýnóðunni hjer í Ameríku, og þegar sýnóðan fyrir 2—3 árum stofnaði hinn fyrsta prestaskóla sinn, var hann kjörinn til kennara við þessa stofnun. Svo leið eitt ár við skóla þennan án þess nokkuð yrði þar sögulegt. (Halldór Briem dvaldi þar nokkrar vikur á því ári.) En svo kom annað skólaárið, og þá gat Asperheim ekki lengur unnið í samfjelagi við hinn annan guðfræðiskennara þar við skólann. Sá heitir Schmidt, þýskur maður, og hafði áður verið einn af kennurum sjera Páls Þorlákssonar á hinum þýska prestaskóla Missouri sýnóðunnar í St. Louis. Það var frá þessum Schmidt að sjera Páll, eins og menn ef til vill muna, útvegaði vitnisburðinn góða um Halldór Briem, sem í fyrra var á gangi víðsvegar meðal Íslendinga hjer vestra í „Snarfara“ (hinn skrifaða kirkjumála-blaði sjera Páls) og sem loks birtist í „Framfara“. Eitt einkennilegt við norsku

sýnóðuna er það, að hún stendur ekki á eigin fótum nje heldur á fótum móðurkirkjunnar í Norvegi, heldur á fótum þýsks kirkjufjelags hjer í Ameríku, er nefnist Missouri-sýnóða, en Missouri-sýnóðan er hin langófrjálslyndasta lúterska kirkjudeild, sem enn hefir komið fram í mannkynssögunni. Sje í einhverju andæft á móti guðfræði þessa kirkjufjelags, þá er eins og komið sje við sjálfan augastein norsku sýnóðunnar. Á prestafundi, er sýnóðumenn hjeidu í Milwaukee, bar prófessor Asperheim fram nokkrar útásetningar á Missouri-sýnóðu-guðfræðina. Voru þær, eins og við mátti búast, stýlaðar í hógværum og kurteysum orðum, en allt um það voru þær af klerkum skoðaðar sem vottur þess, að Asperheim væri genginn af trúnni, og áu þess hann fengi tækifæri til að bera hönd fyrir höfuð sjer eða rjettlæta þessar útásetningar sínar, var hann brátt dæmdur óháfur til að standa í guðfræðiskennara-stöðu sinni. Svo sagði Asperheim af sjer prófessors-embættinu á miðju ári og þar með var starfi hans í þjófnustu norsku sýnóðunnar lokið. En með bók þeirri, er hann síðar hefir ritað og sem eg þegar hefi nefnt, hefir hann vissulega unnið mjög þarft verk eigi síður fyrir norsku sýnóðuna eður fólk það, er í henni stendur, heldur en fyrir kristni-lýð Norðmanna (og Skandínafa yfir höfuð) í öðrum hjerlendum kirkjufjelögum, eius og líka fyrir oss Íslendinga fyrir vestan haf. Er það mín hjartanleg ósk, að sem flestir af fólkí voru fái með eigin augum rannsakað það, sem Asperheim hefir þar dregið fram, til þess fyrst og fremst að menn geti forðast þann anti-kristindóm, sem norska sýnóðan ber í skauti sínu, og þar næst til þess að

allir, sem hafa vilja opin augu, fai gengið úr skugga um að mótsþyrna mín og annara, er sámu stefnu vilja fylgja í kristindómsmálum, er hvorki ranglát nje ástæðulaus.

Nafnið á bók Asperheims er: *Missouri-synoden og den norske Synode*, og stærð hennar er nærri því 200 blaðsíður í stóru átta-bláða broti. Fyrst er fluttur sögulegur inngangur um það, hvernig Missouri-synódan er til orðin. Svo er greinilega og vel lýst hinu skakka og kristindóminum andstæða í kenning hennar. Deilir hann efni sínu í fjóra aðalkafla, og leggur þar til grundvallar útsetningar þær á guðfræðis-stefnu Missouri-synóðunnar, sem hann lagði fram fyrir prestafundinu í Milwaukee. Í fyrsta kaflanum talar hann um hina hættulegu tillineiging þessarar stefnu, til að búa til trúarlærdóma og gjöra þá síðan bindandi fyrir samvisku manna. Það munu sumir Íslendingar hjer kalla „kreddu-slátt“, en Asperheim nefuir það „dogmatisk Overdannelsen“. — Í öðrum kaflanum talar hann um það, hvernig þeir Missourimenn aslagi ýmsa hinna mestvarðandi trúarlærdóma kristindómsins, svo að þeir jafnvel verði að beinum og háskalegum trúarvillum. Þetta nefuir hann „dogmatisk Misdnelse“. — Þriðji kaflinn hljóðar um þá villu-stefnu Missouri-guðfræðinnar, sem fólgin er í því að setja maana-setningar ofar guðs heilaga orði í ritningunni. Þetta, sem ávallt hefir talið verið eitt af hinum ókristilegustu einkennum páfakirkjunnar, er í vísindalegu máli almennt kallað „traditionalismus“, enda hefir þessi kaflinn bókarinnar þá ýrskript. — Í fjórða kaflanum talar hann um það kærleiksleysi og ranglæti, sem

Missouri-sýnóðan eða menn af nennar flokki, beita andspænis mótstöðumnum þeirra í trúar- og kirkjumálum. Seinast talar Asperheim um norsku sýnóðuna út af fyrir sig, skýrir fyrst frá því, hvernig hún varð til, og því næst hvernig hún, eftir að hún sneið bakinu við móðurkirkjunni í Norvegi, og hallaði sjer að Missouri-sýnóðunni, steyptist alveg í sama móti og þetta þýsk-ameríkanska kirkjufjelag. Þessi kalli um sjálfa norsku sýnóðuna er ekki nema litill hluti ritsins, enda færir Asperheim greinileg rök að því, að norska sýnóðan er ekki annað en norsk útgáfa af Missouri-sýnóðunni.

Það er vert að geta þess, að hin ein-kennilega trúarstefna Missouri-sýnóðunnar og norsku sýnóðunnar er að mestu leyti til orðs fyrir framkvæmd þjóðverja eins að nafni Walter, sem kom til Ameríku í broddi lífs síns til þess að grundvallar það, sem hann áleit vera sannan og fullkomin Lúterdóm meðal útluttra landa sinna hjerna megin Atlantshafs. Þessi maður, sem nú er mjög hnígin til ára, er eun aðalguðfræðis-kennari kirkjufjelags þess, er hann átti mestan þátt í að koma á fót. Öllum kemur saman um, að hann hafi mikla hæfilegleika til að bera, og að minnsta kosti veit eg, að prestar norsku sýnóðunnar almennt skoða hann miklu fremri öllum guðfræðingum, sem nú eru uppi víðsvegar um heimin. Asperheim talar líka margt og mikið gott um hann, en þrátt fyrir þetta færir hann skýr rök að því, að sú hönd, er hann hefir haldið bæði yfir Missouri-sýnóðunni og eins þeim kirkjufjelögum, er hún hefir lagt undir sig, hafi í mörgum greinum orðið þeim hættuleg. Áður

en prestaskólinn í Madison, Wisconsin, sem Asperheim var við, var stofnaður, fól norska sýnóðan þeim Walter og hinum þýsku samverkamönnum hans í St. Louis á hendur að mennta prestaefni sín í guðfræðislegu tilliti. Þar hefir sjera Páll Þorláksson fengið alla sína lútersku og svo er um allan þorra sýnóduprestanna norsku. Þegar eg haustið 1873 var nýkominn til Vesturheims frá Íslandi dvaldi eg nokkrar vikur hjá sjera Páli í St. Louis. Var mjer vinsamlega boðið að koma á samtalsfundi, er hin norsku prestaefni hjeldu með sjer á vissum tímum, og kom eg á einn eða tvo þeirra. Meðal annara efna, er þar var um rætt, var spursmálið um það, hvort það væri syndsamlegt eður ekki að taka rentur af peningum. Mjer fór ekki að verða um sel, þegar eg sá stúdentana með hina og aðra skrifjóða frá oftrúaröld lúterskunnar ásamt biblíunni fyrir framan sig og citötum (tilvitnunum) rigna úr öllum áttum því til sömmunar, að það væri synd að setja peninga sína á rentu. Mjer var þá og alveg óljóst, hvað þetta ætti að þýða, og lá við að hugsa annað veiðid, að það væri óðra manna æði. En svo kom eg til Decorah, þar sem undirbúningsskóli prestaefna norsku sýnóðunnar er, og þar lærði eg margt, sem mig aldrei hafði dreynt um áður. Jeg komist þar meðal annars að því að það væri þá „brennandi spursmál“ í Missouri-sýnóðunni, hvort syndlaust yrði tekin renta af peningum, og mjer skildist brátt, að stúdentarnir í St. Louis höfðu verið að undirbúa sig undir kredduhlátt, þegar þeir voru að eiga við fyrgreint efni. Í hinum fyrsta kafla rits síns minnist Asperheim á rentu-spurs-

mál þetta. Walter reyndi til að fá söfnuðina í Missouri-sýnóðunni til að „slá því föstu“, að það væri synd að taka rentu af peningum (út úr hverjum orðum í biblunni hann hefir búið þessa kreddu er mjer ókunnugt), en þessu fjekk hann ekki framgengt. Mál þetta kom fyrir á almennum sýnóðu-fundi, en meiri hluti þeirra, er við voru, settu sig á móti rentulærdómi Walters. Þetta er víst hið eina kirkjumál innan Missouri-sýnóðunnar, þar sem skoðun Walters hefir ekki náð framgangi. En ef þeir, sem fylgdu Walter í þessu máli, höfðu skýrt guðsorð fyrir sjer í þessari kenning sinni, eins og þeir uppástóðu, hvi slitu þeir þá ekki trúarsamfjelagi við hina, sem fóru hinu gagnstæða fram? því það er eitt af grundvallarsetningum þessa sýnóðulýðs, að hafi maður „skýrt guðsorð fyrir sjer í einhverju atriði (en „skýrt“ guðsorð þýðir hjá þeim sama sem þeirra eigin útpýðing) og annar fæst ekki til að útleggja það eins eða „beygja sig undir það“ — þetta ordatiltæki er mjög tíðkað í mállysku sýnóðumanna —, þá geti hinn fyrri ekki lengur skoðað hinn síðarnefnda sem sinn kristnum bróður. Af því nú rentu-kredda Walters dó í fæðingunni hefir norska sýnóðan nú ekki mikið af henni að segja, en „brennandi spursmál“ var hún þar um leið og hún var það í Missouri-sýnóðunni, og sýnir þetta eitt, að undireins og hinn lúterski páfi Walter í St. Louis talar, heyrir bergmálið jafnskjótt í hverju holti og hæð, þar sem norskir sýnóduprestar búa, og eins, ef þögn verður í kreddusniðju Missouri-sýnóðunnar, verður líka þögn í norsku sýnóðunni.

Í sumar, er leið, var þeirri kreddu „sleg-

ið fastri" af Missouri-sýnóðunni og sýnóðum þeim,
 er henni fylgja, að ekkjumanni væri synd að ganga
 í hjónaband með systur hinna dáu komu sinnar.
 Asperheim getur þess, að það hafi þegar komið
 fyrir í Missouri-sýnóðunni, sjálfsagt áður en kredda
 þessi hafði fengið kirkjulegt gildi, að beitt hafi
 verið kirkjuaga við menn, er ekki fengust til
 að slita hjónabandi við systur fyrri konu sinnar,
 eins og líka við pá, er tekið hafa rentu af
 peningum. Á fundi þeim, er í drottins orða-
 stad þannig lagði forboð móti þess konar hjóna-
 bændum, voru reyndar aðeins tólfir fulltrúar
 frá hverri sýnóðu, en ekki vita menn dæmi til, að
 prestar setji sig nokkurntíma móti því, sem því-
 líkir fundir samþykkja; þvert á móti sýnir reynsl-
 an, að þeir állti það eins heilaga, ef ekki helg-
 arí, skyldu sína, að leggja þessi nýju ok leik-
 mannalýðnum á herðar, einsog að innræta mönnum
 grundvallaratriði kristindómsins. Það hefir
 þika mátt sjá á kirkjutíðindum norsku sýnóðunna-
 ar¹⁾, síðan fulltrúar hinna ýmsu sameinuðu sýn-
 ódna komu sjer saman um, að þetta forboð væri
 guðdómlegur lærdómur, að verið er með dugu-
 adi miklum að smeygja kreddunni inn í norsku
 sýnóðu-söfnuðina, hvort sem sjera Páll að svo
 stöddu álltur hyggilegra að þegja um hana með-
 al Íslendinga eða ekki. En nú skulum vjer gá
 að, hvervig farið er að búa til þennan triarher-
 dóm. Fyrst er því „slegið föstu“ eða álitid sjalf-
 sagt, að hjónabands-forboðin í 18. og 20. kap.
 3. bókar Mósesar sje hvorki seremoniu- (p. e.

1) Sjá Ev.-Luth. Kirketidende fyrir 1878
 nr. 36.

helgisíða-) lögmál nje borgaralegar tilskipanir, er drottinn hafi látið út gefa handa Ísraelslýð einum, heldur siðferðisleg boðorð sama eðlis og hin tíu boðorð og þessvegna bindandi fyrir samviskur allra manna. En nú er reyndar hvergi í hinum umgetnu kapitulum tekið fram, að manni sje það eynd að kvænast systur konu sinnar dáinnar; þar á móti er þar bannað hjónaband í jafntengdan líð eins og milli manns og systur dáinnar konu hans, nll. milli manns og ekkju bróður hans (reyndar var nú annað lagaboð í Ísrael, sem gjörði bróður þess manns, er dáið hafði barnlaus, að skyldu að kvænast ekkju hans, 5. Mos. 25, 5.) og svo eru yfirhöfuð að tala bönnuð hjónabönd milli náskyldra. Af þessu leiðir — í augum Missouri-guðfræðinganna vel að merkja, — að það hlýtur að vera bannað (þó það sje reyndar hvergi) í guðsorði, að maður kvænist systur konu sinnar, sem dain er. Svo er nóg, því þegar þeir Walter eru orðnir sannfærðir um að eitthvað sje guðdómlegur sannleiki, þá vei hverjum þeim innan þessara kirkjufjelaga, sem heyrir röksemdaleiðslu þeirra og er þó í efa, því slíkur efi er sama sem að „vilja ekki beygja sig undir guðs orð“; og nú er svo komið, að einnig þetta hjónabandsforboð er orðið guðdómlegur sannleikur meðal fylgismanna Walters, og þá veit eg, að það mun satt vera, sem stendur í blaði hinna norsku „konferensu“ (svo nefnist kirkjufjelag það — lúterskt — er ákafast berst móti norsku sýnóðunni), þar sem sagt er frá því, þegar kredda þessi var smíðuð, að norska sýnódan (prestar hennar) hafi þegar mörgum sinnum risið öndverðir gegn slíkum hjónaböndum. Hvað ætli verði úr, eftir að því

er á allsherjar kirkjufundi „slegið föstu“, að kreddan sje guðdómlegur sannleiki?

Úr ritgjörð nokkurri í einu af adal-kirkju-málaritum Missouri-sýnóðunnar, er hljóðar um guðdómlegleika heilagrar ritningar, tilfærir Asperheim þessi orð: „Það er eins **guðdómlega vist**, að sólin í sífelli hreyfir sig á himninum umhverfis jörðina eins og það er vist, að guð hefir grundvallað jörðina“. Hjer er það, segir svo Asperheim, skýrt tekið fram, að enginn gefi ritningunni þann heiður, sem henni ber, nema hann sje **guðdómlega fullvissadur** um, að sólin snúist um jörðina. Í hvílíkar nauðir mun margur sá, er þer fullt traust til Missouri-sýnóðunnar, komast sökum þessa uppástands. Er það í sannleika svo, mun margur áhyggjufullur spyrja, að eg ekki trúi biblíunni nema því að eins að eg skoði orðatiltæki þau, er þar eru höfð um afstöðu sólarinnar og jarðarinnar hvorrar til annarar sem stjörnufræðislegan grundvallarsannleika, sem bannar alla sjálfstæða vísindalega rannsókn um þetta efni? Hjer verður ný villa fyrir oss, sem er afleiðing af kreddu-sláttar-tilhveiging Missouri-sýnóðunnar: Með því að heimta að menn játist undir það, sem að öllu leyti liggur fyrir utan kristilegt trúarlíf, og það með slíkri alvöru eins og sáluljálpin sjálf væri í veði, og með því, ógnandi að halda því fram að grundvelli trúarinnar sje kollvarpað, sje að einhverju leyti vikið frá slíkum auka-atriðum, leiðist samvíska á villuveg og kyrkingur kemst í hið persónulega líf mannsins. Hve auðveldlega fælist ístöðulaus maður frá sjálfstæðri rannsókn heilagrar ritningar og kristilegri hugsun, þegar hann veit, að með því að að-

hyllast stjörnufræðis-kenning Koperníkusar¹⁾ á hann
á hættu að verða dæmdur trúarvillingur!"

Til viðbóta við það, sem hjer er sagt, vil
eg geta þess, að um það leyti sem eg kom til
Vesturheims reit prestur einn í Missouri-sýnóðum;
bækling einn, sem gekk út á að gjöra kenning
Koperníkusar, sem engum mönnum með fullu viti
nú á tímum dettur í hug að draga í efa, heimsku-
lega og hlægilega ekki aðeins frá kristilegu, held-
ur einnig frá visindalegu sjómarmiði. — Líka ber
þess að gæta með tilliti til þess, er Asperheim
tilfærir úr kirkjumálblaði Missouri-sýnóðunnar
um gang sólarinnar umhverfis jörðina, að það er
ekki að skoða sem aðeins einstaks manns orð,
heldur alls kirkjufjelagsins, því að það blað,
sem hjer er um að ræða, eins og hin önnur blöð
Missouri-sýnóðunnar, er ekki og á ekki, eftir því
sem hún segir sjálf, að vera munur einstaklinga
nema að því leyti sem þeir tala máli síns
kirkjufjelags.

Eftirtektaverð er sú kredda, sem Asper-
heim hefir eftir klerkum Missourisýnóðunnar, að
„til þess að bænin til drottins sje rjett þurfi að á-
kveða hlut þann, sem um er beðið eða þakkað
fyrir“. Út af þessu kemur Asperheim með eft-
irfylgjandi athugasemd: „Postulinn kannast við
það ástand hjá kristnum manni, að hann veit
ekki um hvað eða hvernig hann á að biðja, en
andinn kemur honum til hjálpar með óunnræði.

1) Koperníkus, sem dó 1543, samfærði heim-
um um að jörðin snýst umhverfis sólina, en ekki,
eins og almennt var kennt þangaðtil, sólina um-
hverfis jörðina.

legum andvörpunum (Róm. 8. 26.). Vjer höfum ávallt verið vanir að skoða þessar andvarpanir sem bæn og rjetta bæn. en af Missouriimönnum fáum vjer að heyra, að þetta sje ekki svo, þar-
eð til rjettrar bænar heyri ákveðinn hlutur, sem um sje bedið eða pakkað fyrir!"

Svo nauðalkir sem guðfræðingar þeir, er drukkíð hafa af rjettrúnadar-brunni Walteis, í allri sinni kirkjustefnu eru páfatrúarmönnum, þá hatast þó engir menn um víða veröld meir við páfann í Rómaborg en þeir. Þetta er reyndar ekki svo sürðanlegt, því þeir hafa í vissum skilningi innleitt nýja páfadyrkun með því að hefja Lúter — náttúrlega þvert á móti því, sem hann vildi — svo mjög til skjáanna eins og þeir gjöra. Og sú páfadyrkun, eða hvað maður á að kalla það, er að vissu leyti enn hættulegri en sú í kapólsku kirkjunni, því Lúter er dauður og rit hans geta ekki breytst (stendur ritinn stafur), en páfann í Rómi er lifandi og getur breytst. Kapólskir trúa því, að páfanum geti ekki skjátlast. Þegar hann talar í embættisnafni; þetta þykir öllum hinum prótestantiska heimi stórhneyksli og ekki betra en eðlast. En hvað kenna Missouriimenn um sinn dauða páfa? Það sjáum vjer í bók Asperheims, en hann hefir tekið það orðrjett úr trúarmálaritum þeirra: Að Lúter hafi ekki skjátlast í kenning nokkurs lærdóms guðsorðs eptir árið 1523, að Lúter hafi verið engillinn með hið eilífa evangellum, sem um er spáð í Jóhannesar opinberunarbók, og að rit Lúters standi öllum mannlegum ritum ofar. Um þetta segjast þeir í samvisku sinni vera svo sannfærðir, að þeir geti með engu móti neit-

að því, nema með því að falla úr náðarstöð-
 unni. Hærra en þetta veit jeg ekki til að kap-
 ólska kirkjan hafi komist með sinn páfa. Hann
 stendur ofár öllum mönnum af því honum get-
 ur ekki skjátlast. Lúters rit standa (eftir einni
 af grundvallar-kreddum sýnódumanna) ofár öllum
 mannlegum ritum, af því honum skjátlaðist ekki
 í neinu eftir 1523. Hatur þeirra til páfans í
 Rómi stendur í óslitanda sambandi við til-
 beiðslu þeirra á Lúter. Lúter var þess full-
 trúa, að yfirmaður kapólsku kirkjunnar, Róma-
 borgar-páfinn, væri hiun mikli Antikristur, sem
 um er spáð í 1. Jóh. 2, 18. og 2 Tess. 2, 3-12,
 og þetta komst jafnvel inn í trúarjátningarrit hans
 flokksmanna, en eins og auðsætt er af því hvernig
 Antikristurinn er einkenndur í 1. Jóh. 2, 22. (hann
 afneitar föðurnum og syninum; það hefir kap-
 ólska kirkjan aldrei gjört og aldrei dottið í hug
 að gjöra, þótt hún á líkan hátt og sýnódumenn
 hafi búið til margar kreddur og slegið þeim föst-
 um), að Lúter skjátlaðist í þessari biblíu-þýð-
 ing, eins er gjörvöll hin lúterska kirkja fyrir
 löngu hætt við þetta uppástand, þangað til á-
 hangendur Walters gjöra það að nýrri trúargrein
 í sínum katekismus. Hve mikið þeim þykir í
 húfi, ef Antikrists-kreddu þeirra er sleppt eða
 mótmælt, má sjá á þessum fordæmingarorðum
 þeirra, sem Asperheim tilfærir úr einhverju trú-
 arriti Missouri-sýnóðunnar: „Það er í sannleika-
 hræðilegt, þegar lúterskur maður vill ekki trúá
 því, að páfinu sje Antikristurinn. **slík van-
 trú** er svívirðilegt vanþakklæti fyrir gæðsku
 guðs. Vei þeim prest, sem leitast við að telja
 tilheyrendum sínum trú una að páfinu sje ekki

Antikristur. Á síðasta degi mun hann með skelfing fá að sjá, hvað hann hefir gjört". Hve innilega norska sýnódan trúir á þessa kreddu er auðsætt af þeirri bölbæn yfir páfanum, sem stendur í sálmabók þeirri, er þetta kirkjufelag hefir saman tekið og er þessi árin lóða önn að innleiða í söfnuði sína. Bölbænin er svo: „Lát Satan troðast undir fætur vora, og lát mann syndarinnar og son glötunarinnar, **páfann** í Rómaborg, **tortýnast** af anda þús munus". Svona eiga söfnuðir norsku sýnóduunnar að biðja til drottins að minnsta kosti einu sinni á ári, á allra heilagra messu, um leið og þeir þakka honum fyrir Lúter og trúarbrótina lútersku! Öllum öðrum lúterskum mönnum kemur saman um það að Lúter, þótt hann vissulega væri útvalið verkferi drottins til að leiða söfnuð Jesú Krists út úr villumyrkri hjátrúar og vantrúar, hafi í ýmsum, og það ekki svo mjög fáum atridum skjáttast, einnig eftir árið 1523. Yfir þvert og endilangt þýskaland og eins á norðurlöndum mun þannig varla einn lúterskur gudfræðingur¹⁾ finna á vörum tímum, er í öllum greinum aðhyllist biblíu-þýðing hans, sem ekki er heldur von, þar sem málfræði og öðrum vísindagreinum, sem jafnframt kristilegum trúaranda eru meðullu til þess að geta komist til rjetts skilnings á hinu skrifaða orði opinberunarinnar, hefir fleygt svo stórvægilega fram á þessum síðustu

1) Í þýskalandi hefir þó Missourisýnódan náð að stöina kirkjufelag eitt lítið, sem náttúrulega fylgir skoðun Walters í álitu hans á Lúter eins og í öllu öðru.

tinnum. En það er nú eitt, sem einkennir Missourisýnúðu-guðfræðingana, að þeir neita því að trúarþekkingin taki eins og annað sögulegum framfarum, svo að Lúter hlýtur eftir þeirra skodun að hafa getað sjeð (og þá líka sjeð) alla guðfræðislega hluti ofan í kjölinn, sem rjetttrúaðir menn geta nú sjeð. Adam á að hafa haft í höfðinu alla þá guðfræði, sem hinir rjetttrúðu guðfræðingar kristinnar á öllum öldum hafa haft („Houum hefir eftir því verið eins kunnug keming ritningarinnar um náðarmeðulin eins og oss!“ segir Asperheim), eins og yfir höfuð að tala allur kristindómurinn á að hafa verið eins opinber hinum trúðu á tíma gamla testamentisins eins og postulum Jesú Krists. Þegar út frá þessari vitleysu er gengið, þá er náttúrlega ekki örðugt að búa til þá kreddu um trúarþekking Lúters, sem þegar var getið. Það stendur í sambandi hvað við annað það, sem Missourisýnúðan (og norska sýnúðan) kennir um Lúter og það, sem hún kennir um páfann: him fyrnefndi getur ekki orðið að engli (englinum, sem um er spáð í opinberunarbókinni) nema him síðarnefndi sje gjörður að djöfli (Antikristinum mikla). Kredduna um að páfinn sje Antikristurinn mega sýnúður þessar með engu móti missa úr trúarjätning kristinna manna, því þá væri Lúter hrundið úr dýrlings-hásæti því í kirkjunni, sem Walter hefir búið honum til.

Nú skyldi maður ætla, úr því Missouri-guðfræðin gjörir því líkan dýrling úr Lúter, að kristindómsstefna hans væri nákvæmlega þrædd og ekki í neinu gengið feti framar en hann gekk í trúarmálum. En þessu er engan veginn

þannig varið, enda mun öllum auðsætt, að þó að sýnóðumenn í kreddunni um Antikristinn bæri Lúter fyrir sig, þó kemur þar lítið fram af hinni segri og betri hlið þessa mikla manns. Það er eins og allir gallar Lúters verði í augum þeirra að guðdómlegum eiginlegleikum, sem ómissanda sje að halda á lofti í kirkju þeirri, er nefnir sig eftir honum. Hver sá, sem nokkuð þekkir til sögu kristindómsins frá því trúarbótin á 16. öldinni hófst, sjer fljótt, að stefna Missouri-sýnóðunnar og norsku sýnóðunnar er miklu fremur tilraun til að seta í fótspor hinna ofstoppullu aftursara-guðfræðinga í lútersku kirkjunni, sem upp komu eftir daga Lúters, heldur en tilraun til að seta í fótspor Lúters sjálfs. Lúter var framsaramaður og frelsismaður í anda, enda þótt baráttu hans fyrir endurreisn kirkjunnar ekki í hverju einstöku atriði bæri vott um það, en sporgöngumenn hans til forna margir hverjir voru hvorugt, hversu mjög sem þeir höfðu Lúter í hávegum. Með því að einstrengja hinn lúterska bókstaf, sjarlægðust þeir meir og meir hinn sanna kristindóms-anda, sem var megin styrkur Lúters í trúarbótarstarfi hans. Við það kom aftur kaldur vetur yfir kirkju þá, sem Lúter hafði hriðið undan ánauðaroki páfans, og með því að gæmsa veginn eru sýnóðumenn að skapa nýju ámbul-vetur í kristninni. Kreddusmið á grundvelli tóms bókstafs leiðir ávallt út á kaldan klaka.

En nú er að athuga tvo trúar-lærdóma, þar sem Asperheim í bók sinni sýnir og sannar Missourí-sýnóðan (með norsku sýnóðuna og þá Þóróláksson í taumi) sje komin út á hættulegan afveg burtu frá hinni kristilegu opinberun.

Annar lærdómurinn er um náðarúvalninguna, hinn um rjettlættinguna. Sjera Páll útvegaði í fyrra áður en hann lagði ástað hjedan suður til Bandaríkja skriflega beiðni frá 93 safnaðarlíma síuna hjer um svæði um að þeir fengi að hafa haun fyrir prest framvegis. Er þar látinn í ljósi fögnuður yfir því, hve vel lúterskur maður sjera Páll sje, í mótsetning til mín, sem á trúarsamtalsfundinum, er þá var fyrir ekki löngu afstaðinn, hafi orðið uppvis að kalvínskri villukenn-ing um kvöldmáltíðar-sakramentið. Mjer dettur nú ekki í hug, að lúterskan risti svo djúpt hjá öllum þeim, er sett hafa eða setja látið nöfn sín undir þetta merkilega skjal eins og það virðist benda til, enda þótt sjera Páll í grein einni móti mjer í „Norden“ frá því í sumar geli í skyn, að lúterska sinna manna sje nú orðin í góðu lagi, en vel get eg ímyndað mjer, að sumir þeirra vilja í alvöru vera hreinnar lúterskrar trúar. Aftur á móti er það siðferdislega rangt af sjera Páli, sem veit eins vel og eg, hve fjarri því að vera forn-lútersk skoðun fjölda margra Íslendinga er á kvöldmáltíðar-sakramentinu, að láta fólk upp til hópa í sínum söfnuðum undirskrifa þvílíkt skjal og það, er birtist í sunar frá þeim í kirkjutíðindum uorsku sýnóðunnar. Það er ekki stórum afsakanlegra en að láta altarisgöngufólk sitt mitt í opinberri guðspjónustu gjöra munnlega jätning um að það trúi bókstaflega eins og Lúter um hina leyndardómsfullu návist Jesú Krists í sakramentinu, þar sem þó vitanlegt er, að Íslendingar eru almennt fernidir upp á Balles barnalærdómskver, er ekki kennir meiri lútersku um kvöldmáltíðar sakramentið en eg, og eins að fjölda

margir þeirra hafa helgidaga-prjedikanir Pjeturs
 biskups Pjeturssonar fyrir húslestrabók, en í þeirri
 bók, í prjedikaninni á skirdag, er kennt um leynd-
 ardóminn í sakramentinu með þessum orðum:
 „Enginn af oss, kristnir bræður, er svo fáfróður,
 að hann tmyndi sjer, að hann í kvöldmáltíðinni
 verði hluttakandi í þeim líkama, sem ljekkt á
 krossinum, eða því blóði, sem þar út rann.
 Vjer vitum allir, að vjer meðtökum Krists um-
 myndaða dýrðarlíkama, hans andlega líkama og
 himneska blóð, ef svo mætti að orði kveða, og
 að vjer meðtökum þetta ekki sýnilega, heldur
 með hjartans innilegustu tilfimingum, þegar vjer
 með lifandi trú og heitri elsku og með eimlægum
 vilja aðhyllumst lærdóni, boðord og friðþæging
 frelsara vors, svo að vjer viljum lifa og deyja
 með honum”. En hvað sem nú þessu líður, þá
 er það víst, að Missouri-sýnódan er á miklu
 hættulegra kalvínskum afvegi í því, sem hún kenn-
 ir um uáðarútyalninguna heldur en Balle, Pjetur
 biskup og eg í lærdómnum um kvöldmáltíðar-
 sakramentið. Þetta hefir Asperheim sýnt mjer
 og sannað. Kalvín kenndi, að guð hefði frá ei-
 lifð fyrirhugað og útvalið suma menn til trúar og
 eilifrar sælu, en suma til vantrúar og eilifrar
 fyrirdæmingar. Þetta er háskalegur lærdómur,
 eins og hann líka er andstæður hinni kristilegu
 opinberun, sem meðal annars kemir oss, að það
 sje guðs vilji, að allir verði hólpnir og komist
 til þekkingar á sannleikanum (1. Tím. 2, 4.).
 Frá eilífð vissi guð það fyrir, að maðurinn mundi
 falla og með falli sínu leiða yfir sig eynd og
 dauða, en eins hefir hann líka frá eilífð fyrir-
 hugað, að senda syndurinum endurlausnaram til

Þess að þeir fyrir trú á friðþægingargjörð hans fengi aðgang til náðarinnar og orðið eilíflega sáluhólpnir; með öðrum orðum: guð hefir frá eilífð útvalið mennina í Jesú Kristi eður fyrir trúna á ham (Efes. 1, 4.). Fyrir utan Jesúm Krist eða án tillits til trúarinnar á hann hefir hann þar á móti ekki útvalið neim [sbr. 2. Tess. 2, 13.]; samkvæmt þessu segir líka Jóhann Gerhard, einn hinna langmerkustu fornlútersku guðfræðinga: „Náðarútvahningin er orðin í Kristi, en í Kristi erum vjer ekki nema fyrir trúna“. Þessum lær-dómi neita nú guðfræðingar þeir, er aðhyllst hafa lútersku Walters. Þeir segja, að trúin á Jesúm Krist sje **ekki** skilyrði fyrir því að mennirnir sje af gudi útvaldir til sáluhjálpar, heldur sje trúin afleiðing þess, að maðurinn sje útvalinn. Suma hefir guð frá eilífð útvalið til sáluhjálpar og þeim gefur hann trú. Þeir líka náðarútvahningu við uppsprettu, en trúni við læk, er rennur frá uppsprettunni. Þessi orð tillærir líka Asperheim úr allsherjar sýnódu-ályktunum þeirra: „Trúin er ekki orsök útvalningarinnar, heldur er útvalningin orsök trúarinnar“, og: „Guð hefir frá eilífð útvalið nokkurn hluta mannkynsins til sáluhjálpar; hann hefir ákvarðað, að þessir menn **skuli** verða og **hljóti** að verða sáluhólpnir, og svo sammarlega seni guð er guð, svo sammarlega verða þeir líka sáluhólpnir, og fyrir utan þá enginn“.

„Það er“, segir Asperheim, „yfirhljótanlega auðsett af þessu [því sem hann hefir tilfært af þeirra eigin orðum], að eftir skoðun Missouri-manna á trúin ekki rót sína í hinum almenna kærleika guðs til allra í Kristi, heldur í hinum

sjerstaka kærleika hans til hinna útvöldu; — sje einhver útvalinn, þá fær hann trúna, af því að guð með því að útvelja hann hefir ályktað að gefa honum hana, en sje hann ekki útvalinn, þá hlýtur hann að verða fordæmdur. Reyndar draga Missouri-menn ekki ályktanir þær, er leiða af þessari kenning, með tilliti til hinna ógudlegu, en engu að síður er það áreiðanlegt, að þessi kenning þeirra leiðir til þess að kollvarpa þeim kristilega fagnadarmoðskap, að sáluhjálpin sje fyrir alla, að guðs kærleikur nái til allra og að náðarmeðulin hafi í sjer kraft til sáluhjálpar fyrir alla menn”.

— — — „Fróðlegt væri að vita, hvornig þeir gjöra sjer grein fyrir trú þeirra manna, sem trúa um stund, en falla síðan frá, úr því þeir kenna, að trúin sje verkun og afleiðing útvalningarinnar, ætli það sje þá skoðun þeirra, að einnig þessir menn sje útvaldir? eða neita þeir eins og Kalvín, að aðrir en hinir útvöldu geti trúað um stund? Vjer höfum ekki hjá þeim getað fundið neitt svar upp á þessa spurning. Eins væri mjög vænt; ef þeir vildi skýra frá, hvað slík orðatiltæki eiga að þýða í þeirra munn eins og þetta: ‘Í guði er ekkert skilyrði’. Men þessir tala hádulegum orðum um heimspekis-grufl hinna nýrri guðfræðinga, en hvað er þetta annað en grufl og lokleysa? Sje í guði ekkert skilyrði [þ. e.: sje guð engu skilyrði bundinn]. Þá er náðarútvölingin sjálfsgagt ekki heldur bundin við friðþæging Krists sem skilyrði, — og svo er maður líka búinn að fá út kenning Kalvins um náðarútvölinguna með öllum gögnum og gæðum”.

— — — — — „Eftir allt þetta”, segir Asperheim nokkru seinna, „lætur það í eyrum aðeins sem

napurt háð, þegar sagt er [af sömu mönnum], að röng kenning um náðarútvalninguna „geti kostað sáluhjálp hundruð og þúsund ódauðlegra sálna. Eða getur á endanum eftir kenning Walters nokkuð það framsarið á jörðinni, er breytt geti tölu hinna útvöldu?“ — Og enn segir Asperheim: „Þessa hörmulegu kenning um náðarvalið leitast nú Missourimenn trúlega við að innræta öllum þeim, er í þeirra kirkjufjelagi standa“. Því næst tilfærir hann enn orð þeirra, svo hljóðandi: „Ágætari, huggunarríkari, dýrmætari kenning en sú um hina eillfu útvalning er ekki til; hún innibindur allt inndælt, dýrmætt og huggunarríkt, sem guðs orð hefir inni að halda“. „Hvernig þá það?“ mun flestum verða að spyrja forviða. Svar Missourianna er: Hver kristinn maður á að trú á því, að hann sje útvalinn. **Ma'ur á ekki að segja: „Ef til vill verð eg glataður, því eg veit, hversu illt hjarta eg hef, hvílk áhrif heimurinn hefir á mig, hversu kænn djöfullinn er, og hversu fljótt get eg þá fallið frá og tortýnst“.** „Það er skelfilegt að tala þannig [segja Missourimenn]: **svona tala engir áfrir en hinir nýrri guðfræðingar**“. Við þetta gjörir Asperheim svolátandi athugasemd, sem áhangendur sjera Páls Þorlákssonar gjörðu vel í að leggja sjer á hjarta: „Reyndar er því gleymt hjer af þeim, er þetta segir, að setja á sinn rjetta stað mjög gamlan guðfræðing einn, sem, guði sje lof, ekki enn þá hefir misst gildi í kristilegri kirkju. Þessi maður er postullinn Páll, er áminnir kristna menn um að „efla sáluhjálp sína með ótta og

andvara", og sem "lagði hafi á líkama sinn til þess að hann, sem prjédikadi fyrir öðrum, yrði ekki sjálfur rækur". Eftir kenning Missourianna á þá kristnu maður ekki að ganga með þessar órólegu hugsanir; hann á að trúa því að hann sje útvalinn og vera gláður".

Eg vona, að það liggi í augum uppi, að hjer eru áhangendur Walters komur út á hættulegan villuveg, burt frá grundvelli kristindómsins. Kenning Missouri-guðfræðimur er hjer hreinn og beinn forlagaherðómur, sem ekki getur samrýmst við evangellíð um að allar syndugar sálar eigi í Jesú Kristi aðgang til guðs náðar. Þeir, sem [samkvæmt áminning postulans Páls jafnframt trúnni á Jesum Krist] ganga með ótta og andvara í hjartanu, hafa meira en litla freisting til að falla í örventing, þegar þeir heyra sálarástand sitt forðæmt af presti sínum sem hræðilegt ástand. En hinsvegar er engu síður mjög hætt við, að það verði til að svæfa margan hvern á koddan andvaraleysisins, þegar hann heyrir, að náðarútvahningin er ekki neitt bundin við sálarástand hans. Sje svo, að meðal vor Íslendinga á þessum tímum sje alltof mikið af dauðri trú, kristindómi án ótta og andvara, hugsunarhætti, sem lætur sjer nægja þekking á hinum sögulegu atriðnum guðspjallasögummar, þá veit eg ekki, hvað getur verið oss óhollari auðleg fæða heldur en sú kenning um náðarútvahning mannsins, er þegar hefir verið lýst.

Þó að nú þessi kenning Missouri-synóðunnar um náðarútvahninguna ekki enn hafi stórvægilega komið fram opinberlega í norsku synóðunni,

Þá er þó víst, að prestalýður þessa kirkjufélags aðhyllist hana, því bæði er, eins og áður er áviksið, allur þorri prestanna þar genginn út úr skóla Walters, og svo var útásetning Asperheims út á það, er Missouri-sýnodan kennir um þetta efni, eitt af því, er gjörði hann í augum stórmenna norsku sýnodunnar að svo hættulegum trúarvillingi. Allt um það álitur þó Asperheim, að þessi lærdómur sje eugan veginn til fulls búinn að ryðja sjer til rúms í norsku sýnodunni, enda þótt hann geti þess, að öðru hverju heyrlist þar prjedikanir í þessa stefnu af hinum og öðrum nýbökudum kandidötum frá St. Louis. Þar á móti er annar Missouri-lærdómur, frábrugðinn venjulegri lútersku, sem norska sýnodan heklur harðar fram en flestu öðru, og sem því hefir komið prestum hennar út í ákafan og nærri því æðisgenginn ófrið við hin önnur lútersku kirkju fjelög Nordmanna í Ameríku. Það er rjettlættingar-lærdómurinn, sem hjer er átt við. Ófriðurinn ut af þessum lærdómi stendur einmitt á þessum tíma sem óðast yfir milli norsku sýnodunnar og móttöðumanna hennar, einkum í hinmi svo kölluðu „konferenzu“.

Í 3. kaþstula Rómverjabrjefsins stendur, að rjettlæti guðs sje opinberað fyrir trú á Jesúm Krist til allra og yfir alla, sem trúna, að allir hafi syndgað og hafi skort á guðs dýrd, og verði rjettlættir án verðskuldunar af hans náð fyrir endurlausnina, sem er í Kristi, sem guð framsetti forlíkunarforð. Fyfir trúna á hans blóð, o. s. frv., — til auglýsingar síns rjettlætjís á yfirstandanda tíma, til þess að hann reynist rjettlátur og rjettlætandi þannr, sem er

af Jesú trú; og loksins segir postulinn: „Því vjer ætlum, að maðurinn rjettlætist af trú án verka lögmálsins”. Það má með rjettu segja, að þessi kenning postulans Páls um rjettlætting syndarans fyrir trúna á endurlausnarverk Jesú Krists sje hinn sögulegi fótur undir lútersku kirkjunni sem sjerstakri kirkjudeild, því það var þessi evangeliska þrjedikun, sem opnaði augu Lúters fyrir sönnum kristindómi móti verkarjettlætisvillu páfakirkjunnar. Sje þessum lærdómi í einhverju haggð, breytt eða við hann aukið, þá er til lítils að streitast við að halda föstum hinum minni háttar atriðum Lúterdómsins. Í kafla þeim af Rómverjabrjefinu, sem þegar var til vísad, eins og líka annarsstaðar í nýja testamentinu, er trúin á Jesúm Krist sett sem skilyrði fyrir því að syndarinn verði rjettlættur af guði, en órjettlættur kemst enginn í sátt við hinn rjettláta drottinn á himnum. Þessu samhljóða er það, sem stendur í 5. kapitula barnalærdómsbókar Balles: „Sanntrúaður og iðrandi kristinn maður getur verið fullviss um að hann er hjá guði vegna Krists rjettlætur orðinn”. Eins er það tekið fram í barnalærdómsbók Balslevs (87. grein), sem sumt ungt íslenskt fólk hefir lært, að „af trúnni verðum vjer rjettlættir fyrir guði”, sem svo er útlistað með því að „syndisækt vor verði afmíð, svo vjer öðlumst velpóknun guds”; og í hinum nýja barnalærdómi eftir sjera Helga Hálfðanarsou er um þetta kennt með svo látandi orðum (107. gr.): „Sje maðurinn orðinn sann- iðrandi og sanntrúaður fyrir næð- araðstoð heilags anda, fyrirgefur guð honum

syndir hans vegna Krists, úrskurðar hann sýknan og eignar honum rjettlæti Krists. Þetta er samkvæmt guðs orði kallað rjettlætning af trúnni". Til uokkurrar ættarar rjettlætningar en þeirrar, er hjer er kennd, þykist eg mega fullyrða að enginn hafi nokkurntíma þekkt á Íslandi, og það er vel farið, því guðs opinberaða orð kennir ekki heldur neina aðra rjettlætning. En Missouriisýnódan gjörir það, og hver einn og einasti prestur norsku sýnóduunnar líka. Og hvernig er þá kenning, þeirra? Hún er svo, samkvæmt því sem Asperheim tilfærir úr þeirra eigin ritum, að syndafyrirgefning og rjettlætning manna sje þegar til áður en þeir íðrast og trúá; hvorttveggja sje endur fyrir löngu fengid um leið og Jesús Kristus lauk sínu endurlausnarverki. Guð hefir, segja þeir, í upprisu Jesús Krists úrskurðað hann sýknan synda þeirra, sem hann hafði tekist á hendur að afplána, nefnilega synda alls mannkynsins, og á þann hátt dæmt gjörvallan heiminn sýknan af syndum hans, fyrirgefð honum syndina og rjettlætt hann. Þessi syndafyrirgefning er síðan lögð niður í náðar meðulin, guðs orð og sakramentiu eins og himneskur fjársjóður, svo að þegar evangelið um endurlausnarverk Jesús Krists er boðað mönnum og menn heyra það, þá veitist þeim þar með fullkomin fyrirgefning syndanna. Trúin er **ekki** skilyrði fyrir því að maðurinn fái fyrirgefning syndanna og verði af honum rjettlættur; það hefir guð þegar gjört í upprisu Jesús Krists. Og hvað er svo trúin eftir rjettum sýnódu-skilningi? Ekki annað en það að syndarinn fær vissu um að friðþæging Krists hafi haft þessa afleiðing

fyrir allan heiminn. Og þegar nú maðurinn fær þessa trú, þá öðlast hann í rauninni ekki fyrirgefning synda sína, því hún var þegar veitt honum í upprisu Jesú Krists; en þegar hann trúir, þá tileinkar guð honum sjerstaklega það, sem honum var áður gefið með Kristi. — Ad það, sem hjer er kennt, er allt annað en sá lúterski rjettlættingar-lærdómur, er Íslendingar til þekkja eftir barnalærdómi sínum er ekki örðugt að sjá. Enga heimild hefir heldur þessi kenning í heilagri ritning. Það virðist mjer Asperheim sama ljóslega, og hann kemst jafnvel til þeirrar niðurstöðu, að þessi kenning um almenna syndafyrirgefning og rjettlætting í Kristi á n tillits til þess, hvort maðurinn trúir eða trúir ekki, hafi í sjerfólga afneitan á lærdómi ritningarinnar um eilífa fyrirdæming. „Samkvæmt þessum lærdómi“, segir hann, „hefir guð í upprisu Krists dæmt heiminn — og þá parallelðandi hvern einstakan mann sem part af heiminum — sjkuan af allri synd. Nú getur guð ekki fyrirdæmt þá, sem hann hefir rjettlætt, nema því að eins að hann áður upphesji rjettlættingardóm sinn. En hvað ætti að koma gudi til að upphesja þennan dóm? Ef til vill, einhver synd hjá mannum? En í þessari rjettlætting og syndafyrirgefning er einmitt imibundin hver ein synd, sem hver einn maður drýgir. Eða ætti maður að segja, að guð hafi tekið undan nokkrar syndir, sem þessi fyrirgefning ekki náir til, og að hann svo síðar fyrirdæmi suma menn fyrir þessar syndir? Þetta, sem í sjálfu sjer er hjegómi, myndi líka frá sjónarmiði sýnóðumanna upphesja friðþeging Krists, því eftir því, sem þeir kunna,

hefir guð veitt heiminum fyrirgefning fyrir allar þær syndir, sem Kristur hefir friðþægt fyrir, og væri ekki friðþægt fyrir allar syndir, þá værim vjer illa settir”.

„Reyndar eru flestir menn“, — svó hljóða orð sýnóðunnar norsku, — „undir guðs reiði, en það kemur ekki af því að guð í raun og veru sje þeim reiður fyrir sakir synda þeirra, heldur af því að þeir vilja ekki trúa“. En þá hlýtur maður að spyrja með Asperheim: Hvað er þá vantrúin sjálf? Er hún ekki synd? Vissulega. En ef vantrúin er synd, þá hlýtur að vera friðþægt fyrir hana með dauða Krists eius og fyrir hverja aðra synd, og hún hlýtur þá einnig, eftir kenning sýnóduprestanna, að vera fyrirgefín í upprisu Krists. Hvernig sem maður snýr rjettlætíngarlærdómi norsku sýnóðunnar fyrir sjer. þá leidir hann hugsun heilbrigðs manns í ógöngur. Haldi maður því föstu, að allar heimsins syndir sje fyrirgefmar og gjörvallt mannkynið orðið rjettlætt um leið og Kristur lauk endurlausnarverki sínu, þá getur engin fyrirdæming og ekkert helvíti framfar verið til, nema því að eins að það, sem bakar manni fyrirdæming eða kenur manni til helvítis, ekki sje synd; og þá er maður aftur kominn inn á forlagatrú eða eitthvað heuni náskylt, því ef syndin getur ekki framark bakað mannum guðs reiði og fyrirdæming, þá er óhugsanlegt að neitt annað hjá mannum geti bakað honum guðs reiði og fyrirdæming. Orsökín til fyrirdæmingarínnar og útskúfunarínnar hlýtur þá að liggja hjá guði, þannig, að nokkur hluti mannkynsins sje af honum fyrirfram ákvarðaður til glötunar, eius og vjer áður höfum sjeð, að Missouri-sýn-

óðan kennir beinlínis, að hinn hluti mannkyns-
 ius sje af guði skilyrðislaust ákvarðaður til eillfr-
 ar sælu. Nú er það þó víst alls ekki tilgangur sýn-
 ódumanna, að neitapvi, er ritningin kennir um fyrir-
 dæming og helviti, nje því að vantrúin sje synd,
 nje heldur að kenna guði um glötun þeirra, er út-
 skúfadir verða; en svo lengi sem haldið er við
 hinn óbiblíulega lærdóm sýnóðlinga um það að
 allur heimurinn sje rjettlættur í upprisu Krists,
 er maður úti á þessum háskalegu villugötum.

Sjaldan er ein bára stök, og svo er um
 heims-rjettlættingarkenning Missouri-sýnóðunnar og
 norsku sýnóðunnar. Henni fylgir að minnsta kosti
 ein kenning til, sem er í meira lagi hættuleg
 fyrir kristindómslífið. Það er lærdómur þessara
 kirkjufjelaga um aflausnina. Hvað þýðir hið
 kirkjulega orð aflausn? Það að presturinn boðar
 iðrandi og trúðum manni áður en hann útdeil-
 ir honum kvöldmáltíðar-sakramentinu í guðs nafni
 eður samkvæmt guðs orði fyrirgefning allra hans
 synda. Eins og menn þekkja til heiman frá Ís-
 landi gjörir presturinn þetta í lok skriftaræðu
 sinnar með svo látandi orðum (sjá Handbók fyr-
 ir presta á Íslandi): „Svo sannarlega sem þjer
 af hjarta iðrist synda yðar og í einlægri trú
 flýið til guðs náðar í Jesú Kristi frelvara vor-
 um, svo sannarlega boða eg yður fyrirgefning allra
 yðar synda í nafni guðs föður, guðs sonar og
 heilags anda”. Þó að eg nú yfir höfuð að tala
 ekki bindi mig mjög fast við hina íslensku kirkju-
 siði, þá er hjer eitt atriði, sem eg hefi haldið
 og vil ekki missa; það er að segja: eg boða
 engum syndafyrirgefning nema með því skilyrði,
 að hann iðrist og trúi. En sjera Páll Þorláksson,

sem annars yfir höfuð að tala þræðir bókstaf
hins íslenska rítúals svo nákvæmlega, hann breyt-
ir hjó r útaf, og boðar hverjum einum, er hann
tekur til altaris, skilyrðislausu synda-
fyrirgefning. Hversvegna? Af því hann í trú-
arlegu tilliti liggur á brjóstum Missouri-sýnodunnar
og norsku sýnodunnar, sem fyrir löngu hafa „slegið“
þeirri kreddu „fastri“, að „með aflausnarr-
orðunum rjetti guð að hverjum
þeim, sem orðið heyrta fyrir-
gefning syndanna, veiti þeim
hana og gefi, **hvort sem þeir
trúi ellegar ekki**“. Hversu hættuleg
þessi trúarkenning er þarf varla að leiða mörg
rök að. Hún er koggi undir höfuð fólks með
lausri kristindóms-tillíning, svo vel sem hugsast
getur lagaður til að skapa dauða trú í hjörtum
einstaklinganna, og eg hygg, að Íslendingum á
þessari öld sje þörf á allt öðru en þvílíkum koddum,
og koddinn er mönnum ekki heilsusamlegri fyrir
það, þótt hann sje að þeim rjettur í nafni í-
myndaðs lútersks rjetttrúnaðar eða með háttíðleg-
um alvörusvip. Aflausnarkenning sýnodunnanna
er óumflýjanleg afleiðing bæði af hinum einkenni-
lega, óbiblíulega heimsrjettlættingarlærdómi þeirra
og af því, sem þeir kenna frábrugðið öðrum
mönnum í hinni evangelísku kirkju um náðarmé-
ðulin. Svo sem áður er á vikið er því hald-
ið fast fram í Missouri-lúterskunnri, að guð hafi
lagt ávöxtinn af endurlausnarverki Krists, fyrir-
gefning alls maunkynsins synda og heimsrjettlæt-
inguna, niður í náðarméðulin, orðið og sakra-
mentin, á líkan hátt og hann hefir lagt segul-
aflið í járníð eða næringarkraftinn í líkamsfæðu

þá, er vjer neytum. Þegar orðið er þrjodikað, þá streymir endurlausnarkraftur Krists, sem þar hefir verið lagður niður síðan orðið var til, út til allra, sem heyra þrjedikunina. „Guðs orðs þrjedikari“, segir Asperheim, „sem útgenginn er úr skóla Missouri-manna, segir ekki (nfl. um leið og hann boðar orðið): ‘Í dag talar drottinn sjálfur fyrir manns munn til yðar’, heldur: ‘Í þessu orði, sem eg boða, er gjöf syndafyrirgefningarinnar lögð niður’, og þegar hann talar til altarisgöngufólks, segir hann ekki: ‘Nú er drottinn hjer sjálfur, enda þótt ósýnilegur sje, í eigin persónu hjá oss til þess að útteila yður líkama sinum og blóði’, heldur: ‘Í þessu braudi og í þessu víni, sem eg nú útteili yður, er Jesú líkami og blóð lagt niður; veitið því viðtöku í trú’“. Það er ekki torvelt að skilja, að Asperheim hefir rjett, þegar hann tekur fram, að með því að einstregja þessa kenning um náðarmeðulin eins og sýnódumenn gjöra sjarlægist maður hinn lifanda guð, enda þótt skoðun þeirra á kvöldmáltíðarsakramentinu eða leyndardómi þess, sem óneitanlega er samhljóða því, er Lúter kenndi um það efni. virðist vera á móti því. En svo eg komi aftur til aflausnarkenningar norsku sýnóðunnar, þá liggur í augum uppi, að hún getur ekki verið öðruvísi en hún er og þegar er sýnt, úr því fyrirgefning allra heimsius synda er þegar fengin með endurlausnarverki Krists, hefir frá upphafi verið lögð niður í guðs orð eins og sjarssjóður og er ekki bundin við iðrun og trú. Norska sýnóðan talar reyndar um að syndarinn verði að trúna. Þótt hún ekki setji það sem skilyrði fyrir fyrirgefning syndanna; en þess ber vel að gæta,

að hugmynd sýnóðumanna um trúna er talsvert
 óðrúvisi en annara manna. Þeir skoða hana
 aðeins sem fullvissu hjá hinum einstaka manni
 um að syndir hans hafi verið honum fyrirgefna
 löngu áður en hann sjálfur varð til (nefnil. um
 leið og Kristur lauk endurlausnarverki sínu) og
 sem frið og ró hjartans út af þessari vissu. En
 eftir vorri skoðun, sem vissulega er samhljóða
 hinni kristilegu opinberun, er trúin líka fólgin í
 því að hin iðrandi, niðurbeygða, bágstadda sál
 leitar að náð drottins, erviðar, berst, leggur hart
 á sig, — en leitar þó með vissri von um að
 sinna, erviðar í þeirri sælu tilfinning að ekki sje
 erviðað til ónýtis, berst, en ekki eins og sá, sem
 í vindinu slær, leggur hart á sig til þess að
 vinna viss, fyrirheitin gæði; samanber orð post-
 ulans Páls í Filip. 3. 12—14 („Ekki að eg
 þegar hafi náð hnossinu” o. s. frv.), 1. Kor.
 9. 24—27 („hlaupa, leggja hart á sig, vera í
 kappleik, berjast, temja líkama sinn og þjá hann”).
 Filip. 2, 12 („Eftið sálhjálp yðar með ótta og
 andvara”); athuga líka orð Pjeturs í 2. brjefi
 hans (1, 10), þar sem hann býður bræðrunum,
 sem brjefið er stýlað til, að kappkosta að stað-
 festa köllun þeirra og útvalning; sem meðal
 annars sýnir, að himn fyr um getni uáðarútvál-
 ningar-lærdómur Missouri-sýnóðunnar er alveg ó-
 samhljóða hinni postullegu þrjedikun. Asperheim
 tekur fram, að þar sem sýnóðuguðfræðin aðeins
 hafi auga fyrir trúnni að því leyti sem hún
 er fullvissa um friðþæginguna í Kristi, en hafi
 skilið frá trúnni sem henni óviðkomandi leit synd-
 mæddrar sálar eftir náðinni, þá hafi hún með
 því móti skorið í sundur hina öflugustu lífstaug

kristindómsins. „Andi sá, sem talar til vor í sálum Davíðs, er allur á burtu”, segir hann, og „menn geta ekki af öllu hjarta sinu tekið undir með Kingo 1):

‘Ár og síð eg er í voða;

Ár og síð þó náð til boða;

Aldrei sorg og angist þver;

Aldrei dylst þó Jesús mjer’ o. s. frv”.

„Þessa trú, sem þannig kemur fram (nfl. út af kenning sýnóðumanna um heimsrjettlættinguna og náðar meðulin) er nú líka”, segir Asperheim, og „mjög torvelt að greina frá hinni dauðu trú”; og því næst tekur hann fram sem einkennilegt fyrir guðfræðisstéfnu Missourimanna, að þeir láti hina dauðu trú og vanakristindóminn að miklu leyti í friði, eða með öðrum orðum: gjöri sjer næsta lítið far um að ganga í berhógg við þetta hvort- tveggja. Og hvernig er annað hugsanlegt? þar sem trúarjátning manns með dauðum vanakristindómi og manns með lútersku Missourisýnóðunnar hljóðar alveg eins, þannig: „Eg trúi því og er fullviss um það, að guð hafi fyrirgefið mjer syndir fyrir mínar 1800 árum, um leið og Kristur full komnaði endurlausnar verk sitt”. Eg hygg, að fleiri en Asperheim hljóti að spyrja, þegar þeir athuga hugmynd þá, sem sýnóðumenn gjöra sjer um hina kristnu trú: „Hvernig á með þessu

1) Kingo er eitthvert hið ágætasta sálmaskáld Dana. Hann dó 1703. Morgun- og kvöld-sálmur hans, sem sjera Stefán Ólafsson í Vallanesi († 1688) sneri á íslensku, voru eitt sinn í góðu gengi á Íslandi.

móti að gjöra ljósan greinarnun á vanatrúnni, sem lætur hjartað fyrirberast í syndinni, og sannri trú, sem er verk heilags anda?" Aðaleinkeinni hinnar sönnu trúar er einmitt leit eftir náðinn, en þetta atriði er nálega alveg útilokað úr trúnni eftir skilningi sýnódumanna. Af þessu verður ljóst, hvi sýnóduprestar hafa svo illan augastað á þeim kristindómi, þar sem tilfinningin kemur nokkuð að mun í ljós, eða á þjedikumum, sem tala til hjartans. Með öllum sínum barningi móti hinum svokölluðu skynsemistrúarmönnum hefir þannig sýnódugudfræðin talsverðan skynsemistrúarblæ, enda sjá prestar þeir, sem þessari stefnu fylgja, sönnun fyrir sannleika kristindómsins ekki nærri því eins í vitnisburði heilags anda í hjarta hins endursædda, eins og í sögulegum vitnisburðum frá þeim tíma, þegar kirkja Jesú Krists var að grundvallast hjer á jörðunni. Alla hina kristilegu trúarlærdóma á að sanna eftir reglum kaldrar og þurrar hugsunarfræði á líkan hátt og hinar ýmsu setningar stærðafræðinnar, í staðinn fyrir að postulinn Páll gengur út frá því sem sjálfsgöðu, að evangellíð um hinn krossfesta guðsson ekki verði þannig sannað fyrir heiminum sakir þess það sje honum hneyksli, heimska og hjegómi, og Kristur sjálfur bendir ljóslega til þess (í Jóh. 7. 17.), að til þess að komast að raun un, hvort kenning hans sje guddómlegur sannleikur, þá verði maður að reyna hana (kenninguna, kristindóminn) á hjarta sínu. Það er eins með kristindóminn eins og með líkamleg meðul. Sönnunina fyrir því, hvort þau dugi eða ekki, fá menn, með því að brúka þau nákvæmlega eftir fyrirællum læknisins. Allar aðrar

sanauir eru ónógar. Sögulegir vitnisburðir um
 kraftaverk Jesú Krists eða hið yfirnáttúrlega í
 kristindóminum geta stutt trúar meðvitundina í
 hjörtum manna, en meira ekki. Vegurinn til
 endurlausnarans liggur fyrst og fremst í gegnum
 hjartað, en ekki í gegnum skynsemina. Geti
 hjartað fyrir náð heilags anda vaknað til tilfinn-
 iugar fyrir sinni eigin synda-eynd, þá er hugs-
 anlegt, en annars ekki, að það fái tekið á móti
 náð hius kristilega evangellums, að brestur falli
 af augum hins náttúrlega manns, svo hann fái sjð
 og trúað. En þangað til þetta er orðið eru
 allar skynsemissannauir fyrir áreidanlegleika hinu-
 ar kristilegu opinberunar þýðingarlausar. Þessu
 virðast nú sýnuðuprestarnir oft algjörlega að
 gleyma. Þeir leggja ekki grundvöll trúarinnar
 rjett, sem og er eðlilegt af því að hugmynd sú,
 sem þeir gjöra sjer um hina kristilegu trú, er
 svo mjög mismunandi frá rjettri hugmynd um
 trúna, eins og þegar er sýnt. Áður en nokk-
 ur líkindi eru til að hjörtun sje farin að sinna
 til þunga sinna eigin synda, sje farin að sjà sitt
 algjörða allsleysi frammi fyrir guði, og þar af
 leiðandi langi innilega eftir guðs náð, taka þeir
 iðulega til að leggja fyrir tilheyrendur sína skyn-
 semislegar, hugsunarfræðislegar eða sögulegar saun-
 auir fyrir hinum ýmsu atriðum kirkjulærdómi-
 unna. t. a. m. fyrir þrenningarlærdóminum, fyrir
 leyndardómum sakramentanna, fyrir bókstaflegri
 samhljóðan hinna ýmsu kafla ritningarinnar, eða
 fyrir því að hvert einstakt orð í biblunni hafi
 verið hinum heilögu rithöfundum beinlínis lesið
 fyrir af heilögum anda. Þessi aðferð hlýtur að
 fæla marga frá kristindóminum, eins og það ekki

heldur hefir neitt upp á sig, þótt skynsemi manna geti orðið saunfærð um þessa lærdóma, ef sanna iðrun og lifandi trú vantar. Og eins er það rangt, að flýta sjer „að gjöra syndarana fullvissa um sáluhjálþ þeirra“, sem Missouri-sýnóðan og norska sýnóðan samkvæmt heimsrjettlættingarkenning sinni segja sje aðalætlunarverk presta sinna, áður en menn hafa gjört sjer allt far um að vekja í hjörtunum sanna og einlæga iðrun.

Í hinum síðara kafla bókar sinnar gefur Asperheim sanna og heppilega orðaða lýsing á því, hvernig hin einkennilega kenning sýnóðumanna kemur fram í þjedikunarmáta prestanna, og þykir mjer ómissanda, að setja hjer meira hlutann af því, er hann segir þar.

„Vjer höfum“, segir hann, „heyrþ fólk, sem staðið hefir í hinum elstu söfnuðum norsku sýnóðunnar, segja, að þeir hafi tekið eftir talsverðri breyting á þjedikunarmáta prestanna eftir að þeir komust í samband við Missouri-sýnóðuna. Öll áhersla var nú lögð á það, að allir menn væri rjettlættir með upprisu Krists; nú var um að gjöra, að „fullvissa syndarana um sáluhjálþ þeirra“. Áður höfðu þeir miklu greinilegar haldið fram hinum mikla mismun á endurfæddum og óendurfæddum manni; nú þar á móti var því miklu meira haldið fram, að allir væri hver öðrum líkir, að því leyti sem þeir væri rjettlættir með upprisu Krists. Ekki viljum vjer segja, að prestar norsku sýnóðunnar hafi alveg látið þess ógetið, að vantrúin fordæmir, en hitt viljum vjer segja, að verk heilags anda í hjarta manusins hverfur í þjedikun þeirra í samanburði við verk Krists fyrir oss. Þegar þeir tala um

guðs náð í Kristi, þá eiga þeir ávalt við end-
 urlausnarverk Krists. Að til sje líka í kirkjunni
 nokkuð, sem heitir náð heilags anda, því er
 reyndar ekki neitað, en enganvegin tekið fram
 svo sem skyldi. Þeir eru svo hræddir um að
 menn gjöri rjettlætisverk úr trú sinni, að þeim
 þykir óráð að leiða tilheyrendur sína inn í sitt
 eigið hjarta eða til skoðunar á sjálfum sjer. Vjer
 játum fúslega, að hjer getur maður hæglega leiðst
 út á villuveg. Margir komast aldrei lengra en
 að spyrja áhyggjufullir: 'Er eg einlægur frammi
 fyrir guði? Hefi eg sanna og lifandi trú? Get
 eg eins og eg er verið guðs barn?' Hjer vant-
 ar það að sálin með fullkomnu trúnaðartrausti
 líti til hans, 'sem upphafinn er á krossinn eins
 og eirormurinn á eyðimörkinni. En hinsvegar
 liggur meira en heiðindóms-speki í þessum orð-
 um Sókratesar: 'Þekktu sjálfan þig'. Að þekkja
 guð og að þekkja sjálfan sig innibindur alla kristi-
 lega speki, allan sálhjálpengan sannleika. En
 eigi þessi sjálfspekking að koma, verður ástand
 hins náttúrlega manns að raunsakast grandgæfi-
 lega. Það má ekki hlaupa hjer lauslega yfir
 með því aðeins í almennum orðatiltækjum að drepa
 á 'iðrunarleysi, vau trú og aðra lesti' til þess
 að flýta sjer að koma með gleðiboðskap kristin-
 dómsins. Líf hins iðrunarlausu verður að drag-
 ast fram eins og það er; það verður að fylgja
 honum í gangi hugsana hans, í girndum hans og
 tilhneigingum, til þess að sýna honum, hve fjarri
 því hann er að fullnægja lögmáli guðs. Og þeg-
 ar þetta hefir verið sett syðaranum fyrir sjónir,
 má ekki brjóta oddinn af sverði lögmáls-
 ns með því undir eins að boða Krist sem 'rels-

ara. Nei, dómur lögmálsins yfir syndaranum, sem hann hefir bakað sjer með synd sinni, verður líka að koma fram í allri hans alvöru. Mönnum verður að skiljast, að guði er full alvara með dómi sínum og að syndarinn getur ekki umflúið hann, ef hann ekki í nafni Jesú frelsara síns leitar á náðir guðs. Því verður ekki neitað, að langtum of fljótlega er hlaupið yfir þjedikun lögmálsins í sýnódummi; hún fær ekki að tala nærri allt, sem tala þarf, til syndaraus, svo að hann skelfist af reiði guðs, sem yfir honum er, og leiðist af því til að leita lífsins í endurlausnarverki Krists. Þetta er einhver hinn tilfinnalegasti galli á þjedikunarmáta sýnódumanna. Sá eða sá prestur leggur á stað sem kristniboði meðal líks, er slutst hefir til þessa lands. Hann vinnur, ef til vill, að þessu starfi sínu af öllum kröftum; en hann leggur ekki grundvöllinn með alvarlegri iðrunar- og afturhvarfsþjedikun. **Í þess stað snýr hann sjer að vanakristindómi þeim, sem tiskan hefir helgað, minnir tilheyrendur sína á að þeir eru skirðir og uppaldir í hinni lútersku kirkju, að þetta land sje fullt af villutráarflokkum og mönnum, er gjöri sjer far að leiða aðra afvega, og að þeir því gjöri nú rjett í því að sameina sig í söfnuð með hið heilaga þjedikunarembætti mitt á meðal sin.** Og þegar í stað er lúterskur söfandur tilordinn!" Þessu næst tekur Asperlicim fram, að sýnóduprestar slaustri mynd-

un safnaða sinna svo mjög af, sökum þess þeim sje eiginlega allt um það að gjöra, að fólk það, er þeir geta til náð, verði útilokað frá öðrum kristnum kirkjudeildum, enda þótt lúterskar sje, t. a. m. frá hinu fyrnefnda norska kirkju-sfelagi 'Konferenzumni'. Brýnir hann svo fyrir mönnum þann sannleika, að aðalætlunarverk prests-ins sje ekki að taka fólk upp til hópa og binda það ytri böndum í kirkjuleg safnaðsfelög, heldur að prjedika afturhvarf og syndanna fyrirgefning. Svo heldur Asperheim áfram með þessum orðum; „Viða hittir slkur kristniboði hópa af löndum sínum, sem miklu lengra eru komnir á burt frá sannleikanum heldur en þeir voru áður en þeir sluttu að heiman, og þá er enginn hlutur, sem samkvæmt kærleikanum gefi honum rjett til að líta svo á, sem sje þeir allir kristnir; miklu fremur ætti kærleikurinn að knýja hann til að skoða meira hluta þeirra sem ókomin til Jesú Krists. Þar sem svo lagar til, en það er því nær allsstaðar, ætti að prjedika kristindómsorðið nokkurn tíma til þess það gæti orðið ilmur lífs til lífs og ilmur dauða til dauða. Á þann hátt yrði iðulega komið í veg fyrir að í söfnuðinn væri tekið fólk, sem stæði þar síðan sem dauðir limir og þannig aðeins gjörði söfnuðinum skada. Og eftir að söfnuðurinn er myndadur, þá ætti að minnsta kosti að halda þar áfram kristniboðsstarfinu; en þá þykir mönnum (prestum norsku sýnódunnar) það ekki vera samkvæmt kærleikanum, að tala til safnaðarins eins og meiri hluti hans væri fólk, er ekki hefði tekið sinnaskipti og snúist. Sje fundið að syðum því slks safnaðar, þá er það náttúrulega gjört á

þann hátt eins og þær sje breyskleika-syndir trúaðra. Prestinum dettur ekki í hug að refsa synd iðrunarleysisins og vantrúarinnar sem drottanda afli innan safnaðarins. Og svo verður hin einkennilega skoðun norsku sýnóðunnar á hinum kristilega fagnaðarboðskap, þegar hún kemur fram í þrjedikun prestanna, til huggunar ekki aðeins þeim, sem þurfa huggunar við, heldur og ýmsum, er ekki á að hugga. Þrjedikunin kemur hættulegri ró inn hjá söfnuðinum. Og aðalorsök in til þessa er vissulega að miklu leyti kenning sýnóðunnar um það að allur heimurinn sje í upprisu Krists rjettlátur orðinn án tillits til iðrunar og trúar, ásamt því, er þar stendur í sambandi við”.

Sjera Páll Þorláksson hefir gjört sjer einkar mikið far um að stinga þeirri flugu í munn allra Íslendinga, er hann nær til, að guðs orð í heilagri ritning og ekkert annað sje sá grundvöllur, sem hann ásamt norsku sýnóðunni stendur á í trúarlegu tilliti, en að allir aðrir, sem ekki eru honum sammála um eitt og allt í trúarlærdómunum, t. a. m. eg og mínuir líkar, sje horfnir frá hinni kristilegu opinberun að meiru eður minna leyti og sje að leiða menn á glötunarveginn, burtu frá Jesú Kristi. Með því nú að athuga það, sem þeir Missouri-menn halda fram viðvíkjandi náðarútvalningunni, og þó einkum það, sem norska sýnóðan hefir „slegið föstu” um rjettflæting þalls heimsins í upprisu Jesú Krists og um hina kirkjulegu atlausn, er auðsætt, hversu áreiðanlegur þessi vitnisburður er, sem sjera Páll gefur sjálfum sjer og kirkjufjelagi sínu. En það er enn margt, sem sýnir,

að sýnóduprestunum er guðs orð enganveginn eitt og allt, og að þeir þvert á móti, rjett eins og páfakirkjan, setja manna orð og manna setningar ofar guðs orði í ritningunni. Það er áður tekið fram, hversu allur sá prestalyður, sem fylgir öldungnum Walter í St. Louis, hefir sett rit Lúters í sama sæti í sinni kirkju eins og klerkalyður kapólskunnar hefir sett Rómaborgarpáfann í sinni kirkju. En svo bætist nú hjer við allt trúarjätninga-safn lútersku kirkjunnar sem óumflýjanlegt ok á herðum almennings innan þessara kirkjufjelaga, jafnvel áður en hann þekkir nokkuð að mun til innihalds þeirra. Og í samleika meira til: nefnilega heil hrúga fornlúterskra guðfræðisrita frá 16., 17. og 18. öld. Er það þá svo að skilja, munu sumir spyrja, að til þess að gjörast sýnódumaður verði maður áður að hafa ramsakað öll þessi rjetttrínadarrit og samþykkt innihald þeirra? Nei, enganveginn. Ekki fremur en safnadarlimir sjera Páls Þorlákssonar þurftu að ramsaka Ágsborgarjätninguna og hin önnur jätningarrit lúterskunnar áður en þeir bundu sig við þau sem sína trúarreglu. Og það er ekki einu sinni heldur svo að skilja, að almenningur í norsku sýnóduinni í orði kveðnu bindi trú sína við hið marga og mikla, er hin áminnstu fornu guðfræðiscit hafa inni að halda. En hitt er víst, og það samnar Asperheim til fullnustu, að hin eini áreiðanlegi vegur til sannrar trúar er, samkvæmt rjetttri sýnódu-sködu, að lesa biblíuna gegn um sjónauka hinna fornlútersku guðfræðisrita. Walter og öllum hans sporgöngumönnum, smáum og stórum, þykir það óháfa, ef einhver gengur beint að ritningunni í vissri von um að hann fyrir ramsóku hennar muni komast að sönu niðurstöðu eins og Lúter og fylgismenn hans til forna, og þó er því að einu leyti haldið fram, að heilög ritning sje ljós í hverju einstöku at-

riði¹⁾, og hins vegar því, að niðurstæða sú, er hinir fornúttersku guðfræðingar komust til, hafi verið bæði rjett og fullkomin. Trúarjätningarritin eru nú í þeirra augum ómissandi til rjettis skilnings á ritningunni, en þau eru ekki einhlít, því mörg eru þau trúaratriði, sem þar er annaðhvort sleppt alveg eða ekki nógu nákvæmlega ákveðin. Svo sýnist þeim Waltersmönnum, og því verður líka að „slá föstu“ svo miklu meiru af fornúttersku en trúarjätningunum. Þessi fornúttersku rit eru nú á þann hátt bindandi fyrir samviskur sýnóðumanna, að komist einhver í rannsókn heilagrar ritningar að annari niðurstöðu, jafnvel þótt aðeins sje í smáatriði. heldur en þessi gömlu rit, og hann svo ekki, þegar honum er sýnt fram á, hve mismunandi sje biblíuútlegg-ing hans og hinna fornu guðfræðinga, fæst til að jata, að honum hafi yfirsjést, þá er hann jafnharðan dæmdur trúarvillingur, sem „ekki vilji beygja sig undir guðs orð“. Hjer kemur alveg sama stefna fram hjá þeim sýnóduprestum og í páfa-kirkjunni. Manna orð er sett ofar guðs opinberaða orði í ritningunni. Kapólska kirkjan heimtar, að menn fyrst gangist undir reglur þær fyrir rjetttri útskýring ritningarinnar, sem klerklýður hennar hefir komið sjer saman um, áður en þeim sje hleypandi að ritningunni. Missourisýnóðan og norska sýnóðan heimta, að rit úttersku trúarjätningarnar úttersku og fjöldi annara fornútterskra rita sje skoðuð sem óbyggjandi saun-

1) Flest annað kristið fólk trúir því, að guðs orð sje ljóst í öllu því, sem nauðsynlega útheimtist til saluhjálpar, og náttúrlega mörgu öðru, en þar á móti engan veginn í hverju einstöku atriði. Þessi trú er ekki heldur tekin úr lausu lopti; því til sönnunar vil eg aðeins benda á, að Þjetur postuli tekur það fram á einum stað (2. Þjet. 3, 16), að í brjefum Páls sje sumt þungskilið.

leikur og ófrávskjanlegt sögmál fyrir rjettri útpýðing biblunnar. Bæði kapólskan og Missouri-lúterskan heimta, að menn setji upp gleraugu áður en þeir setjast niður við lestur biblunnar. Og þau gleraugu, sem í báðum þessum kirkjum eru almenningi fengin í hendur, eru smíðuð af mönnum. Hafni menn þessum gleraugum, þá er allt í veði eftir skoðun hvorra-tveggja. En Gyðingarnir í Beróea, sem frá er sagt í 17. kap. Postulanna gjörninga, sem rannsökuðu í ritningunum, hvort svo væri sem postullinn Páll og Silas kenndu þeim, höfðu engin þvillk gleraugu — til allrar hamingju; ekki heldur Lúter, þegar hann tók til að leita í biblunni eftir dýrnætasta gimsteini kristindómsins, sem þáfakirkjan var búin að glata. Og satt að segja, þá er það brýn skylda hvers kristins manns og þá um leið hvers kristins safnaðar, að láta ekki binda sjer nein annarleg rjettrúnaðar-gleraugu á nasir, svo að hann ekki þori að skoða guðs orð með sínum eigin augum berum. Ritningin á fyrir aðstoð guðs anda að geta útpýtt sig sjálfa best. Ritningin á útaf fyrir sig að vera nægileg mönnum til sáluhjálpar, og öll mannleg kenning, allt manna orð, hversu mikils virði sem það kann að vera, að mælast og dæmast eftir guðs orði í ritningunni. Því er það líka rangt og hættulegt, sem Missourilúterskan fylgir svo ákaft fram, að ekki megi ganga frá ritningunni til hinna lútersku jätningarríta, og annara forn-lúterskra trúarríta, heldur þvert á móti frá þessum fornritum til ritningarinnar, og að lúterskur maður ekki megi útskýra trúarjätningarnar eftir

ritningunni, heldur ritninguna eftir jätninguna og kenningum kirkjunnar. Hvort er þá ofar ritningin eða manna orð, það er að segja: skilningur sá á ritningumi, sem nokkrir menn í kirkjunni hafa komist til? Og hver er munurinn á þeirri guðfræðisstefnu, sem þessu „slær föstu“, og þeirri kröfu páfámanna, að samviskur manna verði að beygja sig undir myndugleika kirkjunnar? Asperheim getur þess nú, að þeir Missourimenn neiti því harðlega, að þeir setji vitnisburði frá kenningum kirkju sinnar ofar guðs heilaga orði í ritningunni, og gjöri sjer mjög mikið far um að sauna, að hið gagnstæða eigi sjer stað. En með hverju leitast þeir við að rjettlæta sig hjer? Með því að þegar þeir framsetji einhvern trúarlærdóm, þá tilfæri þeir fyrst ritningarstaði honum til sönnunar, og þar á eftir vitnisburði hima fornlútersku kirkjufedra. En þessi rjettlættingartilraun er ljegómi. Það þarf að sama, að ritningarstaðirnir sje ekki aðeins settir fyrst, þegar öðrum er kennt, heldur einnig, að út frá þeim sje frá upphafi gengið. En að sýnóðumenn ekki gjöra það er vitanlegt, þó ekki væri af öðru, þá að minnsta kosti af þeirri grundvallarreglu, sem þeir fyrir löngu hafa opinberlega „slegið fastri“ og sem þegar er tekin fram, að ekki megi útleggja rit kirkjunnar eftir ritningunni, heldur ritninguna eftir ritum kirkjunnar. En hinsvegar er það víst, að engir hrúga saman fleiri ritningarstöðum en sýnóðumenn kreddu sínum til sönnunar eftir að þeir á annað borð með sínu ‘skynsamlega viti’ eru búnir að fá þær út úr hinum gömlu lútersku kirkjufedrum.

Tímarnir breytast og vjer, börn tímans, breyt-
 unist með. Orð guðs eitt stendur stöðugt, en
 þó það sje látið vera æðsta lögmál í kirkjunni,
 svo sem vera ber, þá er þó eigi svo að skilja,
 að það eigi að halda henni óhreifanlegri og til-
 breytingarlausri eins og steingjörvingi. Þó hver
 maðurinn sje öðrum líkur, þá er þó enginn alveg
 steyptur í sama móti og annar, eigi fremur í
 andlegu tilliti en líkamlegu tilliti. Og sami mað-
 urinn er engauveginn eins á fullorðins og elliár-
 unum eins og meðan hann var barn. Ekki held-
 ur getur hugsunarháttur manna verið alveg hinn
 sami á einni öld eins og annari, í einu landi
 eins og öðru í einum lífskjörum eins og öðrum.
 Kristindómsorðið hefir nú þann fullkomlegleika,
 sem ekkert manlegt orð hefir, að það getur
 fullnægt hinum andlegu þörfum allra manna á
 öllum aldri, á öllum tímum, á öllum stöðum
 og í öllum lífskjörum. Þess mætti spyrja, hví
 biblían er svo umfangsmikil bók og hví postula-
 kirkjan lét sjer ekki nægja að eftirskilja heim-
 inum ritning, sem var langtum styttri og fljót-
 ara að átta sig í en biblían. Hví höfum vjer
 ekki frá Jesú Kristi og postulunum hans meina alls-
 herjar trúarjátning, þar sem allir lærdómar
 kristindómsins væri svo nákvæmlega ákveðnir og
 þeim þannig niðurraðað, að enginn ágreiningur
 gæti síðan komið upp innan kirkjunnar um skiln-
 ing þeirra og rjett samhengi? Hví fengum vjer
 ekki eitt þvillkt trúarjátningarrit í staðinn fyrir
 biblíu vora, sem svo mörgum verður og hefir
 orðið hneykslunarhella sökum þess þeir sjá þar
 svo margt, sem ekki verður saman rínt, svo
 margt, sem virðast mætti óþarft? Þessuun spurn-

ingum er ekki auðvelt að svara til fulls. En það er víst, að eitt allsherjar trúarjátningarrít gæti miklu stöð fullnægt hinum andlegu þörfum manna á öllum tímum og í allskonar lífskjörum. heldur en biblía sú, sem oss er gefin. Biblían er brunnur, sem ávallt á og má ausa úr lífsins vatni mönnum til endurnæringar á þillagrímsgöngu þeirra gegnum hina jarðnesku eyðimörk. Biblían er forðabúur, sem hefir nógar andlegar vistir að geyma handa mönnum í hvaða lífskjörum sem þeir eru og á hvaða menntunarsligi sem þeir standa. Í þessu tilliti er ritningin ólík hverri þannari bók. Þó maður gangi að ritningunni og gjöri sjer allt far um að draga út úr henni allan trúarlærdómiskjarna hennar í því skyni að fá út fullkomna trúarjátning eða trúarfræði fyrir kristnina, þá verður ávallt meira en lítið eftir; ritningin verður aldrei tæmd af því hún hefir í sjer geymda opinberun hius himneska, óendalega og eilífa sannleika, sem á að vera ljós á vegum hinna margbreyttu mannlegru kynslóðar í hinum margbreyttu kjörum hennar á hinum margbreyttu öldum hjer í tímanum. Fullorðinn maður trúaður sjer margt í ritningunni, sem trúað barn sjer ekki, og kristinn krossberi sjer þar margt, sem hulið er jafnvel guðs börnum á degi meðlætisins. Eins sjer ein öld kristilegrar kirkju ýmislegt, sem önnur öldin ekki sjer. Og svo ber þess að gæta, að innan kristinnar er náðargáfunum misjafnlega úthlutað¹⁾. Svo var

1) Sjera Tómas Sæmundsson, einhver ágætasti maður þjóðar vorrar og einn af þeim kennimönnum vorum, sem sjerstaklega hafa verið „Christi krossi og kenning studdir“ og „andans hrossi vaxn-

því varið þegar í postulakirkjunni og svo verður ávallt: Jesús Kristur er sú sól rjettlætisins, sem allt snerist þá um og allt á sífellt 'að; snúast

ir", segir á einum stað í þrjodikunum sínum: „Eg hefi oft heyrt til þess tekið, að einn kenni-maður kenndi öðrum, ólíkt: eg hefi heyrt menn hneykslast á því að kenning guðs orða gæti breytst með tímanum, að þær bækur, sem einu sinni voru í álit einsog ómengað guðs orð, gæti síðan álitist miður hæfar til guðlegrar brúkonar, að það gæti orðið þörf á nýjum sálum og söngum á nýjum öldum og á nýjum mannsöldrum. Á slíku þarf enginn að hneykslast, þegar betur er að gætt: Allar bækur nema ritningin eru manna-verk, en allt það, sem mennirnir gjöra, er ófullkomid; enginn manna hefir fundið ómengadan sannleika, því að guð er sannleikurinn. Vjer sjáum að eins að nokkru leyti, sem í spegli og ráðgátu eins og postulinn segir; það er allt halfverk. Ritningin er það einu ritið, sem heldur óbreytanlegu og stöðugu gildi til heimsins enda, því hún er rituð með guðs fingri; en enginn hefir enn orðið svo vitur, að hann gæti skilið hana fullkomlega; hún er guðs verk, fer með guðs speki, og til þess maðurinn gæti skilið hana algjörlega, yrði hann að hætta að vera maður, yrði hann að vera guð. Einn maðurinn, ein öldin skilur því guðs orð fullkomlegar en önnur; eftir tímanna framförum og vísindanna fer skilningurinn á guðs orði fram, hann eykst og þroskast, en fullkominn verður hann aldrei í þessu ófullkominleikans landi. Af þessu má sjá, að síðari tíminn, edur þeir mennirnir, er síðar eru á dögum, geta verið fróðari, sjed betur en þeir, sem áður lifðu, og sá, sem síðastur er, ætti að hafa fullkomnasta sjón, af því hann getur sjed með augum allra þeirra tína og manna, sem á undan voru. Það, sem þeim nægði, það nægir ekki — já, getur jafnvel orðið til ásteytingar

um. En jafnvel meðal postulanna sá einn sumt það, er annar ekki sá af hinum kristilega sannleika, eða að minnsta kosti er ekki kenning Pjeturs aðeins endurtekning þess, sem Páll þrjedikar, eða kenning Páls aðeins endurtekning þess, sem Jóhannes þrjedikar. En því síður sjer kristið fólk

þeim öldunum, sem betur : og þá verður nauðsyn á að koma sliku í bein samhjóðan við guðs orð, ef það á framvegis að geta orðið guðrækumni til eflingar. — Menirnir hljóta að vera misjafnir að skilningi og kunnáttu, og þeir eru að því leyti fullkonnari, sem þeir eru auðugri af því, en sjerhverjum nægir sá skilningur á guðs orði, og sú þekking til sáluhjálpar, er hann getur fremsta öðlast eftir kringunistæðum sínum og stjett. Ritningin er fyrir jarðarinnar börn, er til himins vilja ferðast, í nokkru tilliti áþekkt því, sem hátt fjall er vegfarandi manni á eyðimörku: Upp á sjálfst fjallið getur hann aldrei komist eður notið þaðan hins fagra viðsýnis, en fjallið er honum samt ekki þarflaust; það er honum til leiðarvísis á veginum; meðan hann sjer fjallið veit hann hvert hann á að stofna, og hann getur ekki villst meðan hann hefir ekki á því sjónar mist; útlit þess breytist eftir því sem hann kemur ífram eða tilbaka, eftir því sem hann kemur því nær eður fjær; það er þó ætíð hið sama sem hann sjer, þó að útvortis lögum þess hafi breyst. Þannig er manninum varið með tilliti til guðs orðs: hinn fáfróði sjer það með öðrum augum en hinn vísi, og þeir visu sjá það innbyrðis hver með sínum hætti; allir sjá þeir jafnt aðalatriðin, sem það hefir að geyma; allir finna þeir nægilegan leiðarvísi til guðs ríkis; allir verða þeir varir við kraft þess til sáluhjálpar þeir, sem trúa, og allir verða þeir sáluhólpnir, ef þeir breyta sankvæmt þeirri þekkingu, sem guð hefir gefið þeim". (Tækifærissræður sjera Tómasar Sæmundssonar, Víðey 1841, bls. 11—13.)

í kirkju drottins síðar, eftir að innblásturstímminn er um garð genginn, fylling hins kristilega samleika, og trúarjátningar þær, sem leiðtogarnir í drottins söfnuði á ýmsum tímum hafa samantekið, sýna að eins, hve langt þessir menn hafi komist í því að draga hina andlegu fjársjóðu út úr lífsins bók. Þær eru merki, sem reist hafa verið upp við veginn hjer og hvar, eftir því sem söfnuður kristinna manna hefir komist lengra áfram. Og það er enginn efi á því að kirkjan í heild sinni eins og hver einstakur limur hennar. á að ganga áfram, vaxa, eins og postulinn (2. Pjet. 3, 18) býður, í vors drottins og endurlausnara Jesú Kristis náð og þekking. Að halda því fram, að eitthvert eitt tímabil eftir daga postulanna hafi náð fylling kristilegrar þekkingar, er ekki réttara en ef einhver einn maður þykist vera guðdómlega sannfærður um að hann hafi lært kristindóminn til enda. Með trúarbótunni á 16. öldinni stje nú kristileg kirkja vissulega þýðingarmeira spor áfram en nokkur tíma fyrir eða síðar, og trúarjátningarit þau, sem ávextirnir af þeirri miklu bylting í kirkjunni voru lagðir niður í, eru dýrnætir vitnisburðir, sem komandi kynslóðir aldrei munu nje mega missa sjónar af. En ekki hefir þó hin evangelíska kirkja í heild sinni staðið kyr og óhreifanleg síðan, heldur í mörgum greinum fetað áfram til meiri fullkomnunar. Guðs orð í ritningunni hefir verið leiðarvísirinn og svo mun framvegis verða.

Sýnóðumenn hafa nú allt aðra skoðun á þessum hlutum en annað fólk í hinni evangelísku kirkju. Þeir einblína á niðurstöðu þá, sem lútersku guðfræðingarnir voru komnir til, áður en

sól þessarar aldar rann upp, og geta engan kristilegan sannleika litið rjettum augum, sem eftir þeirra skoðun ekki var fundinn á fornöld lúterskunnar. Bera þeir því nálega æðisgengið hatur ekki að eins til hinna ýmsu kristnu kirkjudeilda, sem ekki bera nafn Lúters í merki sínu, heldur og til alls þess Lúterdóms, utan síns kirkjufélags, sem vor öld hefir framleitt. Þeir hafa algjörlega slúið burt frá þeim tíma, er þeir sjálfir lifa á og líta út í annara manna augum eins og nátttröll, er dagað hafa uppi frá löngu liðnum öldum. Það er meðal annars eitt í hinni evangelísku stefnu þessara tíma, að hinar ýmsu kirkjudeildir leggja mesta áherslu á það í trúarbrögðunum, er þær hafa sameiginlegt, en minni á þau atriði, er þær greinir á um. Dragast flokkar kristinna manna þannig hverjir nær öðrum og bróðurlegur kærleiki eykst á meðal þeirra. Það er þannig í þessu tilliti ólíkt gleðilegra að líta yfir kristilega kirkju nú heldur en forðum t. a. m. á 16. og 17. öld þegar ein evangelísk kirkjudeild nálega brann af trúarofsna og hatri til annarar. Þegar samvisku-frelsi var því nær algjörlega dæmt útlægt úr söfnuðunum, þegar alltítt var að beita pyndingum við menn fyrir ímyndaðar eða virkilegar trúarvillur, og þegar nálega var algleymt hinum sameiginlega grundvelli, er kirkjurnar standa á. Hinn guðdómlegi konungur kirkjunnar hefir spáð, að verða myndi einhvern tíma í kirkjunni ein hjörð og einu hirðir. Kristnir menn í flestum hinna evangelísku kirkju-flokka víðs vegar um heiminn virðast líka á þessum tíma, þrátt fyrir það þótt þeir enganvegin að öllu leyti hafi slegpt flokkscinkunum sínu

um, að skoða hverjir aðra sem sauði heyrandi til sömu fjörðinni undir einum og sama yfirhirdi, drottni vorum Jesú Kristi. Þáfamennu eru reyndar á annari skoðun og hljóta að verða svo lengi sem þeir eru þáfamenn. Þeir rangfæra hinn áminnsta spádóm Krists og segja, að það eigi hjer á fjörðinni að verða eitt sauhús eins og hirðirinn er einn. Eiu hjörð og eitt sauhús er sitt hvað. Hið eina sauhús er þá, eftir því sem þeir kenna, kapólska kirkjan, og menn verða að gjærest kapólskir til þess að geta heyrt hjörð drottins til. En nálega alveg sömu skoðun hafa sýnóðumenn að sínu leyti á þessu og páfatrúarmenn. Eins og hjörð drottins á að verða ein, eins á líka hið jaröneska sauhúsið aðeins að vera eitt, hugsa þeir, og sá, sem ekki vill viðurkenna þeirra kirkjufjelag sem þvílíkt sauhús, sá sem ekki getur fengist til að líta sömu augum á hvert smáatriði í trúarefnum og þeir, sá sem ekki getur verið með þeim í því að fyrir líta og fordæma gjörvalla gudfræðisstefnu þessarar aldar bæði í hinum lútersku löndum (Þýskalandi og Norðurlöndum) og utan þeirra, hann má ekki skoðast sem kristinn bróðir; með honum má fólk af þeirra sauhúsi ekkert andlegt samneyti eiga; hann er illgresi, sem ekki má spilla akri drottins. Af því að sýnóðumenn þannig engu síður en klerkalýður kapólsku kirkjunnar, þykjast einir hafa lykil viskunnar, og þeir jafnframt vinna að því með öllu móti að ná sem flestum inn í sitt sauhús, hlýtur annaðhvort megn trúarmálaótríður að kvikna þar sem þeir ná sjer niðri ellegar allir verða þegjandi að leggja sig undir játningarok það, er þeir vilja binda .

mönnum á herðar. Því er ekki heldur undarlegt, þótt einnig meðal vor Íslendinga sje trúardeilur upp komnar, úr því norska sýnódan hefir bitíð sig hjer fasta.

Það er lærdómsríkur, en hryggilegur kassí í bók Asperheims, sem hljóðar um ranglæti og kærleiksleysi það, er Missouri sýnódan og norska sýnódan beita við kristið fólk, sem að meiru eður minna leyti er þeim ósammála í trúarefrum. Ekki aðeins fjöldi hinna ágætustu kristindómsvitna kaþólsku kirkjunnar, ekki aðeins trúarhetjur hinna ýmsu reformerudu kirkjudeilda bæði að fornu og nýju, heldur og hinir fremstu lútersku guðfræðingar þessarar aldar í Þýskalandi og Norðurlöndum liggja undir beiskum fordæmingardómi þeirra; og það eru ekki aðeins trúarskodanir þessara manna, sem liggja undir bannfæring úr þeirri átt, heldur leyfa Missouri menn sjer ídulega að dæma um hjartalagið hjá þessum mönnum og eigna það v o n s k u v i l j a n s, að þeir eru þeim ekki sammála um það eða það trúaratriði, eins og þeir líka að vitni Asperheims oft og tíðum leggja allt annað í orð móttöldumanna sinna heldur en í þeim liggur eða þeir sjálfir hafa í þau lagt. Um fólk í reformerudu kirkjunni segja þeir t. a. m., að það beri heldur fyrir sig orð Kalvins en Zwingli, af því að hinn fyrnefndi hafi verið kærni í því að breiða yfir lygina. Eins er þessum mönnum og þeim öðrum guðfræðingum í Sveiss, sem samtíða Lúter börðust gegn verkarrjettlætiskenniug og öðrum villum páfakirkjunnar, af Missouri mönnum boríð á brýn, að þeir hafi afncitad guddómi Krists, sem þeim náttúrlega

ekki fremur en Lúter kom í hug eða hjarta. Ennfremur eiga þeir Kalvin að hafa verið heiðnir heims-spekingar, er aðeins hafi notað biblíuna og látist ganga út frá kenningum hennar til þess að villa sjónir fyrir almenningi. Og ekki fá menn í hinum ýmsu reformerudu kirkju-flokkum vorra tíma betri útreið en þetta. Að kalla t. a. m. Meþodistana, sem líklega hafa unnið öllum trúarflokkum meira að útbreiðslu kristindómsins bæði í þessu landi og annarsstaðar, sálaræningja; og annað af sama tagi er almennt í rjetttrúnaðar-mállýsku þessa fólks. „En hvergi kemur þó þetta kærleiksleysi og ranglæti Missouriimanna”, segir Asperheim, „eins sterklega fram eins og þegar þeir eru að eiga við hina ‘nýrri guðfræðinga’, en svo kalla þeir alla hina lútersku guðfræðinga Þýskalands, sem lifað hafa á 19. öld, ásamt með fjölda guðfræðinga, sem sumpart hafa enga ákveðna stefnu eða jafnvel alveg ókristilega”. Öllum þessum mönnum er blandað saman, því það er nóg til þess að verða settur í gapastokkinn, ef maður er ekki samhljóða sýndumönnum í öllu. { Um innblástur ritningarinnar kennir nú t. a. m. ekki einn guðfræðingur lútersku kirkjunnar á þessum tímum sama sem Missouri-synóðan hefir „slegið föstu”, og þetta eina atriði er nóg til að gjöra alla hina lútersku guðfræðinga utan Missouri-sýnóðunnar og þeirra sýnóðna, er henni hafa gengið á hönd, að trúarvillingum. Að svo miklu leyti sem heimsrjettlætningarlærdómur Missouriimanna er kunnugur hinum lútersku guðfræðingum Þýskalands, þá hefir hann svo sem eðlilegt er. mætt þar mótmælum, en um þau mótmæli hafa Missouriimenn sagt, að þar hafi

„djöfullinn talað út ur heim“.

Það er til óútytis að telja upp nokkra hinna ágætustu lútersku guðfræðinga, sem sýnóðumenn hafa sett í gapastokkinn, með því þeir eru íslenskri alþýðu ókunnir. En eg vil þó geta þess, að um trúarfræði Martensens biskups í Daunörk, sem meira álit hefir á sjer, heldur en flestir ef ekki allir aðrir (lúterskir) guðfræðingar Norðurlanda á vorum tíma bæði hjá sinni eigin þjóð og annarsstaðar, hefir Walter fellt svolátandi dóm, sem lærisveinar hans náttúrlega ekki hika sjer við að undirskrifa jafnvel að ósjeðu.

„**Hin svo kallaða trúarfræði Martensens er hrærigrautur af hinum hryllilegustu trúarvillum**“.

Það er vel vert fyrir Íslendinga að merkja sjer þennan dóm, því hann er í raun rjettri dómur yfir þeirri trúarfræði, sem allt til þessa hefir kennd verið hinum íslensku prestaefnum á prestaskólanum í Reykjavík frá því fyrst er hann var stofnaður. Pjetur biskup Pjetursson og Sigurður lektor Melsteð, sem haft hafa þar á hendi kennsluna í trúarfræðinni (*Dogmatik*), hafa nefnilega lagt bók Martensens til grundvallar fyrir fyrirlesturum sínum og mjer vitanlega ekki vikið frá henni í neinu. Eg þykist vita, að sjera Páll Þorláksson sem sannur sýnóðuprestur muui álta þennan dóm læri-meistara síns Walters óyggjanda. En hvaða skoðun hann þá hlýtur að hafa á trúarfræði íslensku kirkjunnar liggur í augum uppi¹).

Hið lakasta við norsku sýnóðuna er nú,

1) Vel get eg ímyndað mjer, að sjera Páll segi, að prestaskóla-guðfræðiu hafi ekki náð fullkominni fót-

ef til vill, ekki það, að hún hefir tekið eftir Missourisýnóðunni svo margna bogna og óheilsusamlega lærdóma og framfylgir þeim með þvílíkum ofsa og áfergju, heldur það að hún ávallt ber það fram blákalt, að hún sje einmitt að gróðursetja hjer í Ameríku óbreyttan lærdóm móðurkirkjunnar norsku, og það enda þótt hún hafi fengið svo mörg mótmæli frá hinum merkastu gudfræðingum bæði meðal presta og háskólakennara í Noregi²) eins og líka nálega allt

festu meðal Íslenskrar alþýðu (en barnalærdómur Balles, sem lærður hefir verið á Íslandi alla þessa öld?) heldur fylgi hún í trú sinni hinum gömlu gudsorðabókum vorum frá fyrri öldum, t. a. m. eftir Jón Vídalín og Hallgrím Pjetursson, en þeim sje þann og sýnóðan samhljóða. En beri menn heimsrjettlættingar-kenning sýnóðunnar saman við það, sem Vídalín þrjedikar um endurlausnarverkid nærri því á hverri blaðsíðu postillu sinnar, t. d. í þrjedikuninni út af dæmisögunni um brúðkaupsklæðið á 20. sunnudag eftir trinitatis. eða kenning sýnóðunnar um helgi sunnudagsins við það, sem Vídalín þrjedikar á 17. sunnudag eftir trinitatis um það efni, þá mun brátt auðsætt, að ekki heldur vorar gömlu Íslensku gudsorðabækur eru samhljóða sýnóðukenningunum. Athuga líka það, sem Hallgrímur Pjetursson segir í einum passíúsálmanna: 'Í sakramentinu sje eg þig svo sem í líking skærri með nadj mjer nærri' í sambandi við fordæmingardóm sýnóðupresta yfir öllum. sem hafa þvílíka skoðun á leyndardómi kvöldmáltíðar-sakramentisins. Víðvíkjandi heimsrjettlættingarkenning norsku sýnóðunnar athugi menn ennfremur hvað Mynster kennir í Hugleiðingum sínum, sjerstaklega í hugleiðingunni, 'Kristur er upprisinn oss til rjettlættingar'.

2) Á þeim tíma, þegar þrælalæðið í sudur-

hið lúterska þýskaland er beint á móti Missourisýnóðunni. En eins þykir mér það lakara en allt annað við kristniþóðsaðferð sjera Páls Þorlákssonar hjer meðal Íslendinga, ef hann heldur áfram að telja mönnum trú um samhljóðan sína við þær kristindómshugmyndir, sem heima eiga á Íslandi. Setjum svo, að kirkjulærdómurinn Íslenski eins og hann er að finna í barnalærdómsbókum, postillum og öðrum guðsordabók-

hluta Bandaríkja hafði af sjer getið styrjöldina miklu milli norðurríkjanna og suðurríkjanna og landslýðurinn þúsundum saman gekk út á vígvöllinn til að leggja líf sitt í sölurnar fyrir frelsi hinna ánauðugu skara, tók Missourisýnóðan, sem heima átti í þrælahaldsríki, sig til og 'sló fastri' þeirri kenning, að það væri í sjálfu sjer **ekki** syndsamlegt að halda þræla. Norska sýnóðan gjörði kenning þessa brátt að sinni eigin, eins og hvað annað, sem Missourisýnóðan hefir fundið uppá, en varð nú eins og á milli steins og sleggju, því söfnuðir hennar áttu ekki eins og Missourisýnóðunnar heima í þrælahaldsríkjunum og urðu hjer ófánlegri en í nokkru öðru, er fyrir hefir komið, til að láta klerkaýð sínum leiða sig í gönur. Í vandræðum sínum snera prestar norsku sýnóðunnar sjer til guðfræðisdeildar háskólans í Kristjaníu með fyrirsöfnun um, hvort þrælahaldskenning þeirra væri ekki kristindómnum samhljóða, en svar það, er þeir fengu, varð ekki samfint við það, sem Missourisýnóðan var búin að kenna þeim, svo út af þessu ritadi norska sýnóðan prófessorum Kristjaníu-háskólans áminningarbrjef, en því var aldrei svarað, og þrælahaldskreddunni var haldið og er enn haldið af prestum norsku sýnóðunnar sem guddómlegum sannleika, enda þótt allur þorri leikmanna sje sannferður um, að kirkjufjelag þeirra hafi í þessari grein látið Missourisýnóðuna draga sig of langt á eyrunum.

um þessa tíma sje geggjáður og fjarri kristindómnum; — eg fyrir mitt leyti er samfærður um, að ýmislegt gæti þar verið fullkonnara; — en þá er að benda mönnum ljóslega á það og láta mennu ekki gangast undir nýjar kenningar (eða kenningar, sem þeim eru nýjar) í þeirri trú, að allt sje sama og þeir áður höfðu. Einkum þykir mér það ranglátt af sjera Páli, að þegja um mismuninn á sýnódukenningunum og því, sem kennt er á Íslandi, úr því hann leggur mönnum svo ríkt á hjarta, hve hættuleg trúarkenning mín sje.

Það mun líklega mörgum kunnugt, að eg kom upphaflega til Vesturheims í því skyni að takast á hendur prestsskap í norsku sýnóðunni. Fjekk eg um það tilboð frá fönnanni þessa kirkjufjelags fyrir milligöngu sjera Páls Þorlákssonar, sem þá fyrir skömmu hafði byrjað guðfræðisnám sitt í St. Louis. Eg tók því tilboði af því eg lengi hafði haft góðan augastað á þessu landi og hugðist mundu geta fremur orðið hjer að liði en heima á Íslandi. Prestsembætti var mér fyrirbúið, þegar eg kom, en jafnskjótt og eg hitti presta sýnóðunnar fann eg, að eg átti ekki samsuðu með þeim. Þeir skynjuðu líka brátt, að eins og eg þá var heyrði eg ekki til þeirra sauðahúsi, en vonuðu, að það myndi mega sannfæra mig um villu trúarskodana minna og að þeirra kenningar væri hinn eini sanni kristindómur. Það var í Decorah, þar sem guðfræðisundirbúningsskóli norsku sýnóðunnar er, að mig þar að, og hafði eg þar meðal annars mikil afskipti af tveim hinna helstu sýnóduguðfræðinga. Var nú á allar lundir reynt til að gjöra

úr mjer sýnóðumann og olli sá aðgangur mjer ekki líttilla sálarharmkvæla. Slíku getur enginn getið nærri, sem ekki hefir í það komist. En samvíska mín sagði nei, því enda þótt mjer væri þá engan veginn ljóst allt, hið skakka-
 kenning norsku sýnóðunnar, er eg hefi síðan sjóð, varð eg þess þó brátt fullviss, að prestalyður þessa kirkjufjelags starfaði að mörgu leyti mjög fjarri anda kristindómsins. Kreddurnar, sem eg smámsaman kynntist fleiri og fleiri, þóttu mjer sök sjer, en trúarofsinn og hið beiska hatur til annara kristinna manna og kirkjufjelaga, sem ekki höfðu getað komist til sömu niðurstöðu í kristindómsmálum sem norska sýnóðan, áfelliðómarnir og óbænirnar yfir kirkjulegum mótstöðumönnum¹⁾, hin djúpa fyrirlitning á öllum kristindómi, sem ekki hafði á sjer lútersku-stimpil Missouri-sýnóðunnar, og hið megna dramb og sjálfsþótti útaf sínum ímyndaða rjettrúnaði — þetta var mjer frá upphafi með öllu óþolanda. Eg sá mjer því áður en langt leið naudugan einn kost, að hætta allri prestskapar-tilhugsun í þessu kirkjufjelagi, og einsetti mjer að leita eitthvað í aðra átt. En mjer var þá boðið að takast á hendur kennslu á skóla sýnóðunnar þar í Decorah, og ljettu hlutadeigendur mjer í ljósi, að allt kynni að lagast, þegar eg kynntist skóla

1) Samanber hina áður áminustu bólbæn yfir páfaunum. — „Frá þeim, sem guð vill tortýna, tekur hann fyrst vitið“ setti ritstjórn Kirkjutíðna norsku sýnóðunnar eitt sínu meðan eg var í Decorah undir grein nokkra móti sýnóðunni frá tveim mönnum í Konferenzunni, sem hún tók upp í blað sitt.

og kirkju þeirra betur. Því boði tók eg, og vauu að því starfi það skólaár út og næsta vetur til. En þá vildi eg ekki lengur við vera og fór frá, með því eg var genginn úr skugga um, að ekki myndi saman ganga milli mín og sýnóðunnar. Á þessum tíma lærði eg að þekkja sýnóðuna nokkurnveginn ofan í kjólinn. Þó er eitt atriði í sýnódu-guðfræðinni af þeim, er eg hefi dregið fram í ritgjörð þessari, heims-rjett-lætingarlærdómurinn, sem eg hefi ekki rannsakað að að neinu ráði fyrir en bók Asperheims kom mér í hendur, enda hefir hún sannfært mig um að sýnóðan er þar á hættulegum afvegi. Um nálega allt annað var saunfæring mín söm og Asperheims áður en eg vissi um hans skóðanir.

Sumir kynni að draga þá ályktun af því, sem hjer er ritað, að eg sjái illt eitt, en ekkert gott í norsku sýnóðunni. En það er ekki svo. Eg sje ýmislegt hjá prestum hennar, sem í saunleika er gott og eftirbreytnisvert, t. a. m. staka skyldurækni í embættisfærslu, reglusemi og dugnað; og eins veit eg af eigin reynslu, að siðprýði, ástundunarseni, hlýðni og virðing fyrir kennurum sínum á almennt heima hjá ungmennum þeim, sem ganga á skóla sýnóðunnar. Og mér er persónulega vel til margra manna í norsku sýnóðunni. En eg þekki líka til fólks í mörgum öðrum hjerlendum kirkjuþjelögum og veit, að þeir góðu eiginlegleikar, sem fólk það, er stendur í norsku sýnóðunni, hefir til að bera, eiga engu síður þar heima, en þar á móti miklu minna af ókostun hennar og antikristindómi, sem hlýtur að verða ofan á í því kirkjuþjelagi svo lengi sem andi Missourisýnóðunnar ræður þar öllu.

Það er meira en óheppilegt, að Íslendingar skyldi leiðast inn í norsku sýnóduna, áður en þeir þekktu trúarstefnu hennar að neinu og eins áður en þeir kynntust neitt öðrum lúterskum kirkjufjelögum þessa lands. En til þess að sá hluti Íslendinga, sem er hugsandi og skynsamur, þurfi ekki framvegis í blindni að leiðast inn í kirkjufjelag þetta, hefi eg ritið hugvegi þessa. Eg álit það beina skyldu minni, að sýna mönnum fram á, út í hvað þeir ganga, sem kasta sjer í arma norsku sýnóðunnar, og eg vona, að það sem hjer er sagt, geti að minnsta kosti verið nægilegt til að sannfæra alla óblindaða Íslendinga um að trú sú, sem sjera Páll Þorláksson er að boða löndum sínum, er í mörgum verulegum atriðum alveg ósamþýðanleg við hinn íslenska barnalærdóm vorn. Margt er enn ósagt, er þyrfti að verða mönnum kunnugt, svo þeir þekktu norsku sýnóduna til hlitar, þó ekki væri annað, þá að minnsta kosti ýmislegt í aðferð agenta hennar sumra til að ná fólki inn í flokk sinn, en upplýsingar um það verða að bíða seinni tíma.

LEIDRJETTINGAR.

- Bls. 10. 1. 8. fluttur á að vera stuttur.
 — 22. - 2. bæri - - - beri.
 — 22. - 3. þó - - - þá.
 — 50. - 29. rjett - - - rjetta.

Á bls. 6. í tveim neðstu línunum stendur
 „naðsynlegar upplýsingar“, það á að vera
 nauðsynlega þekking [nödvendigt
 Kjendskab].

Og k
 vanu
 ur t
 fór
 að
 ódu
 sýn
 eitt
 hef
 læt
 að
 mj
 að
 ná
 A

se
 í
 s
 e
 s
 :

NGAR.

era stuttur.

- beri.

- pá.

- rjetta.

tu lnum stendur

ð à að vera

g [nödvendigt

